

VINSTRI

Málgagn Ungra vinstri-grænna

1. tölublað 1. árgangur 2007



Leiðari bls.3
Eina raunhæfa nálgunin bls. 4-5
Feministinn bls. 6-7
Alþjóðavæðing fyrir byrjendur bls. 8-10
Póstkort bls. 11
Martröð í draumalandi bls 12-13
Goðsögn um einkarekstur í
menntakerfinu bls. 14-15
Réttlæti eða ærandi þögn bls. 16
Félagaleið bls. 17
Minning um land bls. 18-19
Viðtal við Paul Nikolov bls. 20-21
Aktivistinn bls. 22-23
Ríkisstjórn hinna glötuðu
tækifæra bls. 24-25
Ísland úr NATO bls. 26-28
Bókahornið bls. 29-31
Ekki vera lykkjufall í
lopapeysu bls. 32-33
Um UVG bls. 34
Taktu þátt bls. 35

Ritstjórar:
Eliás Jón Guðjónsson og Auður Lilja Erlingsdóttir
Hönnun og umbrot: Frosti Örn Gnarr Gunnarsson
Forsíðumynd: Ásta Mårsudóttir
Útgefandi: UVG





Þann 12. maí næstkomandi verður kosið til Alþingis. Það er nauðsynlegt að fjarlægja ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins, ríkisstjórn hinna glótuðu tækifæra líkt og hún er kölluð í grein hér í blaðinu, úr Stjórnarráðinu. Til þess þarf ekki blóðuga byltingu.

Það eina sem þarf er að merkja X við V á kjörseðlinum þann 12. maí. Eftir fjögurra kjörtímabila klúður er komið nóg! Við vonum að almenningur sé ekki orðinn samdauna firringunni, spyrni við fótum, yddi blýantinn og kjósi ríkisstjórn hinna glótuðu tækifæra burt.

Vitundarvakning hefur orðið í íslensku samfélagi. Fyrir nokkrum árum var hlegið að fólki sem vogaði sér að bjóða fram undir merkjum umhverfisverndar og því gerð upp þau áhugamál að tína fjallagrös og borða gras. Í dag þykir ekkert sjálfsagðara og í raun keppast flestir um að kalla flokka sína umhverfisverndarflokka – með misgóðum árangri þó.

Framsóknarflokkurinn sem framan af stóð stoltur sem málsvari stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar og skilgreindi uppbyggingu álvera og virkjana sem mestu framfarir Íslandssögunnar eru meira að segja farnir að sverja af sér verðskuldað orðspor sitt sem umhverfisskemmdarsinnar. Þar ber helst að minnast yfirlýsingar formanns Framsóknarflokksins, Jóns Sigurðssonar þegar hann afneitaði stefnu flokksins og sagði að tími stóriðjustefunnar væri liðinn undir lok. Sú sögutúlkun Jóns er hreint út sagt hlægileg, eins og flest sem frá honum kemur, þegar litið er til þess að fyrirhugað er að stækka álverið í Straumsvík og gera það að stærstu álbræðslu í Evrópu. Jafnframt er fyrirhugað að byggja álver í Helguvík og Húsavík, að ógleymdri margföldun álversins á Grundartanga sem nú stendur yfir. Það er ljóst að álvæðingu Íslands er langt frá því lokið ef Framsóknarflokkurinn fær að halda áfram í ríkisstjórn.

Forystumönnum ríkisstjórnarinnar hefur ekki fundist tiltökumál að fórna ósnortnum og grónum víðernum landsins til að framleiða ódýrt rafmagn ofan í álbræðslur og þrátt fyrir fögur orð nokkrum mánuðum fyrir kosningar hefur sú stefna þeirra ekkert breyst. Ekki rassgat!

Það eru þó ekki einungis umhverfismálin sem vekja athygli og undirstrika það klúður sem ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hefur staðið fyrir. Undir forystu þessara flokka hefur Ísland gerst beinn aðili að þremur styrjöldum. Á Balkanskaga 1999, í Afghanistan 2001 og Írak 2003. Ákvarðanir um stuðning við árásarstríð undir forystu Bandaríkjanna hefur jafnvel verið tekið án vitundar utanríkisnefndar Alþingis og það bætir ekkert glæpinn að núverandi formaður Framsóknarflokksins telji að sá gjörningur hafi eftir á að hyggja hugsanlega verið mistök. Sjálfstæðismenn eru enn verri og telja aðild okkar enn fullkomlega réttlætanlega.

Undir forystu Sjálfstæðisflokks, með blindum stuðningi Framsóknarflokks, hefur verið grafið undan stoðum íslenska velferðarkerfisins og Ísland hefur fjarlægst hið norræna velferðarkerfi sífellt meira. Aðbúnaður aldraðra og öryrkja er til skammar. Launamunur og mismunur í þjóðfélaginu hefur aukist gríðarlega og sjúklingar þurfa að greiða komugjöld og skatta sem aldrei fyrr.

Þetta er þróun sem má ekki halda áfram. Vinstrihreyfingin – grænt framboð er tilbúin til að axla ábyrgð, snúa við þróuninni og koma okkur aftur á rétta braut. Nýtum stórkostlegt tækifæri. Kjósum rétt! Kjósum réttlæti og vörumst eftirlíkingar. X-V!

Handwritten text on the right side of the page, including phrases like "I feel", "my love", "that", "you", "fall", "as", "the", "love", "is", "a", "pear", "3".



Eina raunhæfa nálgunin

Er hægt að vera hægri-grænn? Eða er ekki hægt að vera grænn nema vera líka vinstri? Þessi umræða blossaði upp í sumar þegar Illugi Gunnarsson, frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins, skrifaði mikla grein í Lesbók Moggans þar sem hann kvaðst vera hægri-grænn og gerði tilraun til að rökstyðja að hægri og grænt færu vel og smekklega saman. Mörgum varð svo mikið um að þeir rugluðust í ríminu og kölluðu téðan Illuga hægri-krata í kjölfarið, svo framandi þótti hugtakið.

Þó að við vinstrimenn höfum lengi setið ein að grænni hugsun í hérlandum stjórnámálum er ekkert að því að hægri menn grænki líka á sumrin. Það er ekki ómögulegt að vera til hægri og grænn. Það er vel mögulegt að vera grænn íhaldsmaður og aðhyllast náttúruvernd á íhaldssömum verndarforsendum. Það er talsvert flóknara að vera grænn frjálshyggjumaður því að það sem oftast er kallað frjálshyggja gengur að mörgu leyti þvert á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Og þar komum við kannski að útgangspunktinum. Það er hægt að vera hægri og grænn. En það liggur miklu betur við að vera vinstri og grænn.

Er allt grænt sem er vænt?

Til þess að skilja þetta þarf að skilgreina hvað það er að vera grænn eða græn. Að vera græn er að aðhyllast markvissa og víðtæka umhverfisstefnu. Það snýst ekki einungis um að vernda tiltekin svæði heldur snýst það um lífsafstöðu. Og sú lífsafstaða er að ganga ekki á höfuðstól þess sem við höfum en skila samfélaginu í sama og helst betra horfi til komandi kynslóða.

Þetta á við um samfélagsleg gæði eins og t.d. velferðarkerfið eða skólakerfið, þetta á við um hagkerfið og efnahaginn og síðast en ekki síst á þetta við um umhverfið, hvort sem það er andrúmsloftið, náttúruperlur eða ferskvatnið.

Þessi afstaða hefur verið nefnd hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og hún fellur vel að róttækri vinstristefnu því að sú stefna snýst meðal annars um að vernda og efla samfélagsleg gæði þannig að allir fái jafngild tækifæri. Sú hugmyndafræði að taka ekki af höfuðstól samfélagsins, umhverfisins eða efnahagsins, fellur því vel að vinstristefnu nútímans.





Öðru máli gegnir um auðhyggjuna því að hún snýst að verulegu leyti um að fella alla þessa þætti undir eigin lögmál. Frjálshyggjumenn telja þannig að náttúruvernd muni spretta að stóru leyti af sjálfu sér, sjálfvirk eins og markaðurinn er að þeirra mati að verulegu leyti. Þessu til rökstuðnings nefna þeir gjarnan að ríkisstjórnir séu mestu umhverfissóðar heims og vissulega má nefna mörg slæm dæmi um slæma frammistöðu ríkisstjórna í umhverfismálum. Risastíflurnar í Bandaríkjunum á fyrri hluta 20. aldar og í Kína nú í byrjun 21. aldar eru dæmi um það. En staðreyndin er sú að stórfyrirtækin hafa með auknum ítökum á öllum sviðum mannlegs lífs gert sitt besta til að jafna þessi met og nægir þar að nefna framgang ýmissa stórfyrirtækja í Suður-Ameríku, Afríku og Ástralíu. Þeirra á meðal eru til dæmis Íslandsvinirnir í Alcoa sem hafa valdið ómældum umhverfisspjöllum á Amazon-svæðinu og í Ghana, svo dæmi séu tekin.

Stjórnvöld bera ábyrgð

Málið er að fyrirtækin munu ekki grænka af sjálfu sér. Hættan er sú að þau freistist til að horfa eingöngu á þann ársreikning sem mælir efnahagslega stöðu en líti ekki til þeirra reikninga sem meta umhverfiskostnað eða samfélagsleg gæði. Frjálshyggjan er í eðli sínu kenning sem er hlutlaus hvað varðar gildi eins og mannúð eða umhverfisvernd en horfir eingöngu á gróðann hverju sinni. Hún byggist á því að stjórnvöld eigi að koma sem minnst að málum en til þess að árangur náist þurfa stjórnvöld að taka forystuna. Þau njóta lýðræðislegs aðhalds, ólíkt stórfyrirtækjunum, og þau hljóta að bera hina pólitísku ábyrgð á að viðhorf breytist í umhverfismálum. Eina leiðin til að ná raunverulegum árangri í umhverfismálum er samvinna stjórnvalda, fyrirtækja og almennings. Ólíklegt er að markaðsöflin hafi þar forystuna þó að fjölmargir viðskiptamenn séu reiðubúnir til að taka þátt í þessari vinnu, oftast út frá hagrænum hvötum. Og þeir sem leggja stund á umhverfishagfræði gera sér æ betur grein fyrir þeim leynda kostnaði sem framkvæmdir sem valda umhverfisraski hafa í för með sér.

Því er engin ástæða til að leggja ekki áherslu á að fá markaðsöflin í lið með sér. En þau geta ekki verið grundvöllur róttækrar umhverfisstefnu. Munurinn er sá að sú sem er græn fagnar margbreytileika og fjölbreytni í menningu sem og lífríki. Græninginn hefur sína sýn á heiminn, gleraugu, ef svo má kalla, sem lita sýn hans á veruleikann. Munur á þessum gleraugum og til að mynda gleraugum alræðissinnans eða efnahags-frjálshyggjumannsins er að umgjörðir gleraugna græningjans eru teygjanlegar og sveigjanlegar. Hann treður ekki sinni sýn eða kenningu upp á veruleikann heldur lagar kenningu að veruleika og gerir sér grein fyrir að samspil veruleika og hugsjóna er vandmeðfarið en nauðsynlegt. Heimur án hugsjóna verður ekki bættur og heimur án raunsæis getur leitt til siðferðilegrar og hugmyndafræðilegrar kúgunar.

Í nýrri skýrslu um loftslagsmál jarðarinnar eru hættumerkin skýr. Við verðum að bregðast við áður en það er of seint. Og það er verk að vinna við að bæta heiminn með grænni hugmyndafræði. Ný könnun sýnir að enn trúa aðeins 13% þingmanna Repúblíkanaflokksins að loftslagsbreytingarnar séu af manna völdum. Maður skilur af hverju Al Gore ákvað að gera heila kvikmynd til að koma skilaboðunum á framfæri: Yfirgnæfandi hluti vísindamanna er sammála og telur að bregðast þurfi við strax.

Kraftmikil blanda

Til þess að ráða við þau stóru umhverfisvandamál sem steðja að okkur á nýrri öld verður að leita annað en í smíðju markaðsaflanna og markaðarins því að þessi vandamál eru alls ekki hagfræðileg fyrst og fremst. Þótt ég fagni öllum þeim sem taka umhverfismálin upp og hjálpa til við að gera þau að miðlægu máli í íslenskum stjórnámálum tel ég því að hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar sé eina raunhæfa nálgunin á umhverfismál í víðu samhengi. Þar er horft á umhverfismál í samhengi við samfélagið sem við búum í og nauðsyn þess að hafa traustan efnahag. Þess vegna hefur blandan af vinstri og grænu reynst jafn vel og raun ber vitni.



Katrín Jakobsdóttir





Feministinn Elías

Ég heiti Elías Jón og ég er karlmaður. Þrátt fyrir það vil ég ekki láta gera mér upp skoðanir, gildismat eða skopskyn og ég læt ekki aðra segja mér hvernig ég á að líta út! Það er ekki til neitt sem heitir karlmannlegt! Það er ekki til neitt sem heitir kvenlegt! Ég hafna staðalímyndum og ég hafna eðlishyggju!

Ég verð aldrei jafn móðgaður og mér jafn misboðið og þegar lítið er á það sem sjálfsagðan og eðlilegan hlut að körlum finnist hitt og þetta – þeir allir settir á sama básinn. Þetta á til að mynda við um það þegar haldin eru karlakvöld því þá virðist það vera sjálfsagður hlutur að þar komi fram fatafella af gagnstæðu kyni. Það að taka það sem algildum sannleika að karlmönnum finnist það skemmtilegt að horfa á konu fækka fötum á almannafæri finnst mér vega að mér sem einstaklingi af karlkyni. Mér finnst það sár móðgun að gera ráð fyrir því að ég vilji hlutgera konur og líta á þær sem söluvörur.

Mér finnst það einnig vega að mér þegar vörur fyrir karlmenn eru auglýstar með með mynd af fáklæddri konu. Mér finnst það óþolandi að svona sé komið fram við mig. Ég er ekki heilalaus hálfviti sem hugsar með titlingnum. Það er komið nóg. Ég vil að komið sé fram við mig af virðingu. Er það til of mikils mælst að hafa þá trú á mér að ég kaupir mér vörur af einhverri annarri ástæðu en þeirri að kynþokkafull og fáklædd kona auglýsi hana, þó ég sé karlmaður.

Fyrir í vetur fékk nærfataframleiðandi þann stein í höfuðið að sniðugt væri að láta konu auglýsa karlmanns-nærbuxur. Til þess að auglýsa nærbuxurnar birtu þeir mynd af konu í karlmanns-nærbuxum og engu öðru. Yfirskriftin var „Karlar vilja ekki horfa á hálfbera karla“. Hvort var verið að höfða til mín sem manneskju sem þarf á nærbuxum að halda eða manneskju sem þarf á kvenmanni að halda? Hvort var verið að reyna að selja nærbuxur eða konu? Hafi tilgangurinn verið að selja nærbuxur þá mistókst það hrápalega enda gefur auglýsing sem þessi mér ekki neina hugmynd um það hvernig þær myndu fara mér. Þessi auglýsing sýndi mér aftur á móti að auglýsandinn bar hvorki virðingu fyrir mér né konum.

Þetta finnst mér vera skýrt dæmi um það þegar gert er ráð fyrir að við karlmenn séum heilalausir. Þetta er aðeins ein birtingamynd þeirra staðalímynda sem við-haldið er í samfélaginu. Þessar staðalímyndir halda fólki niðri. Þær neyða karlmenn sem ekki treysta sér til að ganga gegn straumnum til þess að hlægja af lélegum karlremdu-bröndurum eða þykjast hafa gaman af strípidansi á karlakvöldum. Í gegnum staðalímyndir er okkur karlmönnum gerðar upp skoðanir. Þær búa til einhvern algildan sannleika sem við förum á endanum að trúa sjálfir án þess að hafa nokkurntíman samþykkt hann.

Oftast er talað um staðalímyndir kvenna og hversu skaðlegar þær geta verið. Staðalímyndir karla birtast á annan hátt en eru engu að síður jafn skaðlegar. Til þess að við getum náð jafnrétti milli kynjanna verðum við að leyfa fólki, körlum og konum, að stíga út úr staðalímyndunum. Hver og einn einstaklingur á að fá að njóta sín á sinn hátt, þroska sína eigin hæfileika og fara sína eigin leið í lífinu.




Feministinn Steinunn

Orðið feministi virðist stundum vera nóg til þess að kaldur hrollur hríslist niður bakið á fólki, enda hefur því verið haldið fram öldum saman og því miðlað á milli kynslóða að feministar séu í besta falli konur sem eru svo óheppnar að vera alltaf á túr, en í versta falli svo stórhættulegt fólk að það væri huggulegra að festast með fjölda-morðingja í lyftu heldur en feminista.

Ástæðan fyrir þessu er að einhverjir óprúttir aðilar hafa komið þeirri gróusögu á kreik að allir feministar séu kvenrembur. Þessi aðför gegn feminismanum hefur tekist svo vel að nú til dags ruglar fólk sífellt feminisma og kvenrembu saman. En svo ég ljóstri nú upp rosalegu leyndarmáli, þá er það að vera feministi í rauninni alveg nákvæmlega það sama og að vera jafnréttissinni. Feministi er manneskja sem berst fyrir jöfnum rétti karla og kvenna. Ekki meiri rétti en aðrir, heldur jafnrétti. Sem sagt: jafnréttissinni. Feministar starfa nú sem áður undir þessu nafni sem leggur áherslu á baráttu fyrir réttindum kvenna (og er mörgum þar af leiðandi þyrnir í augum), til að minna á þá staðreynd að það hallar meir á konur en karla í samfélaginu. Jafnrétti kynjanna hefur því miður ekki verið náð enn þann dag í dag og því berjast feministar, karlar sem konur, ennþá undir sama nafni.

Feminisminn hefur orðið fyrir barðinu á því sem baráttan hefur að miklu leyti beinst gegn, fátallegum staðalímyndum. Ranghugmyndir byggðar á gróusögum og áróðri hafa leitt til neikvæðrar ímyndar almennings á feministum hikar stuðningsfólk jafnréttis við að kalla sig feminista. Oft notar það orðið jafnréttissinni í staðinn. Sjálf gekk ég í gegnum svona skeið á menntaskólaárunum þegar nokkrir samnemendur mínir sáu sig knúna til að láta mig vita að feministar væru upp til hópa snarvitlausar og bitrar kellingar sem brenndu brjóstahaldara á götuhornum og vildu gera karla að þrælum. Ég lagði feministatitilinn á hilluna í tæp tvö ár, kallaði mig jafnréttissinna og þóttist hafa gaman af karlrembubröndurum til að verða ekki brennimerkt húmorslaus. Það var bara auðveldara. Nú nokkrum árum síðar er ekki laust við að ég sé svolítið sár og reið við samnemendur mína fyrir að halda þessu bulli fram. Ég geri mér þó grein fyrir að líklega hafa þau ekki vitað betur og þess vegna er enginn tilgangur í að vera þeim reið. Ég er reiðari við sjálfa mig fyrir að hafa ekki þorað að standa á móti almenningsálitinu heldur láta kúga mig með ranghugmyndum og taka mér stöðu á móti minni eigin sannfæringu. En ég er því miður örugglega ekki sú eina og það finnst mér verst.

Samfélagslegur þrýstingur verður þess valdur að einstaklingar þora síður að standa við skoðanir sem eru óvinsælar hjá þeim sem valdið hafa. Náttúruverndarsinnar lentu í þessu fyrir örfáum árum, allt í einu var sú mýta komin á kreik að náttúruverndarsinnar gætu ekki hugsað sér neitt annað en að lifa í torfkofum og bíta gras uppi á heiðum. Annað sambærilegt dæmi er það sem enn kemur fyrir hér á Íslandi, að kona sem sækist eftir að gegna áhrifamiklu embætti sem ekki er hefð fyrir að kona gegni sé kölluð athyglissjúk fyrir það eitt að vera feministi og hæfni hennar véfengd út frá því. Það sem mestu máli skiptir er að það eru ekki einungis yfirlýstir feministar sem líða fyrir ríkjandi ranghugmyndir um feminisma, heldur samfélagið allt. Reynt er með áróðri að draga tennurnar úr fólki sem vill vinna af afli að því að búa til betra, upplýstara og jafnara samfélag úr þessu samfélagi okkar þar sem kynbundinn launamunur er rúmlega 15%, nánast alveg eins og fyrir 13 árum (árið 1994). Við megum ekki við því að láta það viðgangast að fólkið sem er að reyna að breyta slíkum rangindum sé undir stöðugu áreiti heldur verðum við að styðja við bakið á því og leggja því lið í baráttunni fyrir jafnrétti og gegn ranghugmyndum. Áróðurinn um brjáláða feministann, ógn við samfélagið, er þjóðsaga sem er best geymd undir glerhjálmum á Þjóðminjasafninu.



Finnur Dellsén



Tvær
kreddur
setja mark sitt
á flestalla umræðu
um alþjóðavæðingu
hérlandis. Önnur er sú að
alþjóðavæðing hljóti alltaf að
auka lífskjör í fátækum ríkjum. Hin er
sú að erfitt sé að skilja og útskýra hvers
vegna fyrri kreddan er röng. Með því að hrekja
þá hugmynd að alþjóðavæðing komi fátækum
þjóðum almennt til góða – og með því að gera það á
mannamáli – er þá hægt að slá þessar tvær flugur í einu
höggi.

Hver er á móti alþjóðavæðingu?

Byrjum á byrjuninni. Það tekur andstæðinga alþjóðavæðingarinnar yfirleitt nokkrar
mínútur að útskýra að þeir hafi síður en svo eitthvað á móti alþjóðlegu samstarfi ríkja
eða samskiptum milli fólks af ólíkum þjóðum. Andstæðingar alþjóðavæðingarinnar
eru yfirleitt miklir alþjóðasinnar. Hugtakið „alþjóðavæðing“ er notað til að lýsa því
að efnahagur landa er opnaður í því skyni að gera þau að einu alþjóðlegu
hagkerfi. Fyrir þá sem finnst hagfræði leiðinleg er kannski einfaldara að segja
að alþjóðavæðingin feli í sér að brjóta niður tollamúra og gera fyrirtækjum
kleift að framleiða og selja vörur sínar hvar sem er í heiminum.

Þetta er heillandi hugmynd. Af hverju eru þá til andstæðingar þessarar
þróunar – af hverju er þessi grein skrifuð? Svarið er að nær allir
gagnrýnendur alþjóðavæðingarinnar eru aðeins á móti ákveðinni tegund
af alþjóðavæðingu, sem svo vill til að hefur verið ráðandi í
utanríkisstefnu öflugustu þjóða heims um árabil. Þessi tegund
alþjóðavæðingar felst fyrst og fremst í tvennu: Annars vegar að
þróunarríki – sérstaklega í Afríku og Suður-Ameríku – hafa verið
þvinguð til að opna markaði sína fyrir útlenskum vörum með því að
fella niður verndartolla fyrir innlenda iðnað. Hins vegar hafa
helstu iðnríki heims á sama tíma viðhaldið tollum á ýmsar vörur
sem sérstaklega eru framleiddar í þróunarlöndunum. Það er
auðvitað óþolandi tvískunnungsháttur að þróunarlönd séu
þvinguð til að taka við vörum frá löndum sem neita svo að taka
við vörum frá sömu þróunarlöndum.

Þróunarlöndum bannað að vernda sinn eigin iðnað

Fyrri atriðið þýðir að fyrirtæki í þróunarlöndum þurfa að
keppa við alþjóðleg risafyrirtæki um markaðinn í sínu
eigin landi, og er á sama tíma bannað að nota
skattgreiðslur til að efla menntun og
velferðarþjónustu. Það eru ekki mörg innlend fyrir-
tæki í þróunarlöndunum sem lifa af slíka
samkeppni. Reynsla sögunnar er einfaldlega sú að
iðnaður, líkt og manneskjur, þarf að njóta verndar
fyrstu árin til að byggja sig upp og búa sig undir
að keppa við alþjóðleg fyrirtæki. Í því felst að
sjálfsögðu ekki að tollarnir verði varanlegir,
heldur aðeins að fátæk ríki megi vernda
innlenda iðnað þar til hann er orðinn
samkeppnishæfur á
alþjóðlegan mælikvarða.

Öll helstu iðnríki heims beittu
verndartollum til að vernda innlenda
iðnað í einhver ári eða áratugi þar til
iðnaðurinn var nógu sterkur til að standa
á eigin fótum. Hið sama gildir um þau
Asiuríki – þar á meðal Tæland, Suður-
Kóreu, Filippseyjar og Indónesíu – sem
tókst að ná sér upp úr fátækt eftir seinni
heimsstyrjöld með því að vernda sinn
eigin iðnað og nota opinbert fé til að
fjárfesta í menntun þjóðarinnar.

Í ofanálag er þróunarríkjum yfirleitt
meinað að byggja upp opinbert
velferðar- og menntakerfi, og ef slíkt er
til staðar eru ríkin neydd til að einka-
væða þau. Með því er tryggt að stór
hluti þjóðarinnar geti ekki náð sér upp
úr þeirri fátækt sem hún hefur búið við
um árabil. Hvernig á fátækt barn í Afríku
til dæmis að geta átt kost á góðu námi
ef skólarnir eru allir einkareknir og taka
skólagjöld?

Með því að þvinga þróunarlöndin til að
afnema verndartolla og einkavæða
velferðarkerfin sín eru iðnríkin að tryggja að
þróunarlöndin verði alltaf skrefi á eftir – að þau
framleiði til dæmis kaffi sem við drekkum á meðan
við skrifum bækur og framleiðum kvikmyndir, eða
að þau grafi upp málma sem við notum síðan til að
smíða tölvur og farsíma.

Iðnríkin viðhalda tollum á vörur frá fátækari ríkjum

Hitt atriðið sem heldur þróunarríkjunum niðri er sem fyrr
segir að iðnríkin vilja sjálf ekki lækka og afnema sína eigin
tolla á afurðir frá þróunarríkjunum. Tollar á landbúnaðar-
afurðir eru til dæmis nógu háir hér á landi, í Bandaríkjunum
og í Evrópu til að það borgi sig sjaldnast fyrir bændur í þriðja
heiminum að selja iðnríkjunum afurðir sínar.

Önnur leið iðnríkjanna til að viðhalda sínum eigin iðnaði á
kostnað þróunarlöndanna er að styrkja innlenda framleiðslu með
beinum fjárframlögum. Árið 2002 styrktu Bandaríkjamenn til dæmis
bómullariðnaðinn sinn um næstum fjóra milljarða Bandaríkjadala og
lækkuðu þannig heimsmarkaðsverðið um 26 prósent. Afleiðingin var
sú að tugir milljóna bómullarræktenda í þróunarríkjum misstu lífibrauð
sitt. Landbúnaður og frumvinnsla hráefna eru auðvitað helstu
vonarglætur þróunarlöndanna til að komast upp úr fátæktinni, en tollar
iðnríkjanna loka þeirri leið, einmitt í þeim tilgangi að vernda innlenda
framleiðslu á sömu vörum.



Alþjóðavæðing iðnríkjanna

Gagnrýninn lesandi ætti kannski að spyrja: Hvers vegna ættu þróunarlöndin að alþjóðavæða sig ef það eru bara iðnríkin sem græða á kostnað fátækari ríkja? Svárið er að þau eru þvinguð til að alþjóðavæðast – lækka verndartolla og einkavæða velferðarkerfið – af tveimur alþjóðlegum stofnunum: Alþjóðabankanum (World Bank) og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (International Monetary Fund, IMF). Þessar stofnanir eiga að lána þróunarlöndum og sjá til þess að peningarnir séu nýttir með skynsamlegum hætti. Reynsla fátækra ríkja af þessum stofnunum er því miður allt önnur.

Ástæðan er einfaldlega sú að þau ríki sem ráða mestu í Alþjóðabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eru þau ríki sem græða minnst á því að breyta skiptingu veraldlegra gæða, nefnilega iðnríkin sjálf. Því stærra sem hagkerfi lands er, því fleiri atkvæði fær það í þessum stofnunum. G8-ríkin svokölluðu – Bandaríkin, Kanada, Japan, Rússland, Bretland, Frakkland, Þýskaland og Ítalía – hafa 48 prósent af atkvæðunum í Alþjóðabankanum og 49 prósent í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Ef einfaldan meirihluta þyrfti til að kjósa um mikilvæg málefni þyrftu allar aðrar þjóðir heims (þar á meðal mörg iðnríki sem ekki eru hluti af G8-ríkjunum) að leggjast á eitt. Það hljómar ekkert sérlega vel fyrir þróunarlöndin, en ástandið er því miður enn verra. Í öllum mikilvægum málum þarf 85 prósent af atkvæðunum til að samþykka tillögur. Bandaríkin ein og sér eru með 17 og 18 prósent atkvæða í þessum stofnunum. Það þýðir að Bandaríkin geta stöðvað allar tillögur, jafnvel þótt allar aðrar þjóðir heims séu þeim fylgjandi.

Afleiðingin er sú að iðnríkin geta hótad fátækari þjóðum því að fari þau ekki eftir vilja ríkustu landanna muni vextirnir á lánum þróunarlanda hækka. Þróunarlöndin hafa einfaldlega ekki efni á að gera ekki eins og iðnríkin sem ráða alþjóðlegum lánastofnunum segja þeim að gera, jafnvel þótt það gangi gegn hagsmunum þeirra.

Reynslan af alþjóðavæðingunni

Kannski er eðlilegt að iðnríkjunum að þvinga þróunarlönd til að opna markaði sína upp á gátt og einkavæða velferðarkerfi sín, því þannig hagnast iðnríkin mest. Fyrirtæki þeirra geta þá selt fleirum en íbúum iðnríkjanna vörurnar sínar og þannig grætt meira. Sum fyrirtækin selja hefðbundnar vörur og græða mest á afnámi verndartolla, en önnur nýta sér einkavæðingu velferðarkerfisins til að koma upp einkareknum skólum, sjúkrahúsum og hitaveitum.

Þannig græða fyrirtæki frá iðnríkjunum á neyslu í fátækustu löndunum og flytja svo gróðann úr landi. Þar sem lengst hefur verið gengið í einkavæðingunni er vatnið sjálft einkavætt með þeim afleiðingum að það er lögbrot að safna rigningarvatni og nota til eigin neyslu.



Lítum nánar á reynsluna af alþjóðavæðingunni fyrir fátækustu ríki heims. Það má til dæmis gera með því að bera saman tímabilið frá 1960 til 1980, þegar fátæk ríki vernuðu innlendan iðnað, og tímanna milli 1980 og 2000, þegar sömu ríki voru neydd til að alþjóðavæðast á forsendum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Á tímabili verndarstefunnar, 1960 til 1980, var hagvöxtur um 34% í Afríku en 73% í Suður-Ameríku. Frá 1980 og fram að aldamótum dróst hagkerfi Afríku hins vegar saman um 23% (-23% hagvöxtur) og

hagvöxtur Suður-Ameríku var kominn niður í 6%. Á sama tíma jókst hagvöxtur iðnríkjanna aftur á móti sem aldrei fyrr.

Hagvöxtur er þó langt frá því að vera eini mælikvarðinn á framfarir í þróunarlöndum. Þess vegna hefur oft verið lagt til að þættir eins og meðalævilengd, fjöldi fátækra og umgengni við náttúruna verði teknir til greina. Sé það tekið inn í myndina verður hún enn skýrari: Alþjóðavæðingin sem iðnríkin hafa rekið síðustu ár stýttir ævilengd, fjölga fátækum og veldur rányrkju á náttúrunni.

Staðreyndirnar tala sínu máli. Eini kosturinn við alþjóðavæðinguna er að við – íbúar vestrænna ríkja – græðum á henni. Gallinn er hins vegar sá að við gerum það á kostnað fátækustu ríkja heims. Þess vegna er alþjóðavæðingin rökrétt framhald af nýlendustefnu vestrænna ríkja á þarsíðustu öld. Nýlendustefnan snerist líka um að blóðmjólka fátækustu ríki heims til að efnuðustu íbúar jarðarinnar gætu grætt enn meira. Munurinn er bara sá að það sem áður var gert með hervaldi og stríðsrekstri er nú gert með tollamúrnum og einkavæðingu grunnþjónustunnar. Og á sama hátt og það kom í hlut félagshyggjufólks að þrýsta á um endalok nýlendustefunnar mun það verða hlutverk okkar sem erum til vinstri að binda enda á þá alþjóðavæðingu sem iðnríkin hafa þvingað upp á fátækustu ríki heims.





Martröð í draumalandi

Ólafur Örn Pálmarsson

Landi er sökkt og náttúru-verðmæti eyðilögð fyrir komandi kynslóðum. Mengandi stóriðja er það sem sitjandi ríkisstjórn leggur áherslu á í atvinnu-uppbyggingu þjóðarinnar. Í þessu samhengi er athyglisvert að skoða hvað er framundan í stóriðjuáætlun ríkisstjórnarflokkanna og huga að því hvaða auðlindir verið er að ganga á og hvernig það hefur áhrif á heimilin í landinu.

Lok stóriðjustefnu?

Fyrir nokkru reyndi Jón Sigurðsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra að sannfæra landslýð um að stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar hefði lokið árið 2003. Að halda slíku fram er fásinna og þvættingur. Á heimasíðu Alcoa má finna frétt frá 17. maí 2006 þar sem fjallað er um viljayfirlýsingu um áframhaldandi rannsóknir á frjárhagslegri hagkvæmni nýs álvers á Bakka við Húsavík. Að þessari yfirlýsingu stóðu Alcoa, Húsavíkurbær og ríkisstjórn Íslands.

Ljóst er að álvæðingu Íslands er langt í frá lokið en í bígerð er bygging 250.000 tonna álvers í Helguvík, stækkun álversins í Straumsvík í allt að 460.000 tonn og a.m.k. 250.000 tonna álver á Bakka við Húsavík. Norsk Hydro hefur einnig opnað hér söluskristofu og hefur gefið út þá yfirlýsingu að þeir séu að leita að tækifærum í áliðnaði á Íslandi. Í sjálfu sér segja þessar tölur einungis hálfu sögu.

Mikilvægt er að átta sig á þróun síðustu ára. Árið 1995 þegar bæklingur á vegum markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar kom út um „Lowest energy prices“ var heildarframleiðsla á áli á Íslandi 100.200 tonn á ári en á þeim tíma var eina álverið í landinu í Straumsvík.

Árið 2015 gætu Íslendingar verið að framleiða rúmlega 1,5 milljón tonn af áli sem er rúmlega fimmtánfalt meiri framleiðsla en árið 1995. Þá væru Íslendingar að skipa sér í hóp meðal helstu álframleiðenda í heiminum með 3-4% af heimsframleiðslu.

Orka Íslands

Íslendingar eru þeirrar gæfu aðnjótandi að búa yfir miklum náttúrulegum orkuauðlindum. Vegna þessara þriggja framkvæmda sem fyrirhugaðar eru þarf að afla um 13 Terawattstunda af orku. Til samanburðar nota öll íslensk heimili um 0,8 Terawattstundir. Þannig að með þessum þrem tilteknu álverum þarf að virkja rúmlega tífalt meiri orku en fer til venjulegra heimilisnota fyrir Íslendinga.

Mikil viðskiptaleg leynd hvílir yfir þeim raforkusamningum sem Landsvirkjun gerir við stóriðjurisana (Alcoa, New Century Aluminum og Alcan). Það er öllum ljóst að þessi fyrirtæki eru að fá orkuna á sérkjörum þar sem þau vilja frekar koma hingað en til Brasilíu og annarra þróunarlanda. Ótrúlegt er að skattborgarar þessa lands, sem jafnframt eru allir hluthafar í Landsvirkjun, fái ekki að vita um þau kjör sem málmbræðslunum bjóðast í þessum raforkusamningum. Hvernig stendur á því í lýðræðisríki að stjórnvöld sem aðhyllast frjálsan markaðsbúskap og kápítalískt stjórnarfar neita hluthöfunum um upplýsingar varðandi samninga fyrirtækisins?

Heimilin blæða

Fórarkostnaður þjóðfélagsins fyrir 400 störf í álbræðslu á Reyðarfirði í eigu bandaríks auðhrings er mikill. Þessar miklu stóriðjuframkvæmdir, sem eru framundan, koma flestum íslenskum heimilum sérstaklega illa. Verðbólga hefur verið mikil undanfarin misseri og ekki er fyrir séð að hún muni lækka nema frekari stóriðjuframkvæmdum verði slegið á frest. Verðbólgan hefur verið langt yfir verðbólgu markmiðum Seðlabankans síðan um mitt ár 2004 í landi þar sem sagt er að ríki mikill stöðugleiki. Vextir hafa einnig hækkað upp úr öllu velsæmi sem torveldar fyrirtækjum í landinu að fjármagna sig, sérstaklega sprotafyrirtækjum. Stýrivextir eru komnir yfir 10% og vextir af yfirdráttarlánum, sem mörg heimili fjármagna sína neyslu á, eru langt yfir 20%. Gengi krónunnar hefur haldist mjög sterkt. Ákvarðanir stjórnvalda hafa valdið því að dregið hefur úr tekjum íslenskra útrásarfyrirtækja. Þessi fyrirtæki íhuga því að flytja starfsemi sína úr landi.

Engin úttekt hefur farið fram á þeim þjóðhagslega ávinningi sem af stóriðjuframkvæmdunum hlýst, þó búið sé að leggja í stærstu framkvæmd Íslandssögunnar. Stóriðjusinnarnir æða áfram í álvæðingu landsins án nokkurra skynsamlegra raka. Að mínu mati ætti að skoða þetta mál á hlutlausan og vitrænan hátt, til dæmis með því að skipa óháða rannsóknarnefnd þannig að hægt sé að draga fram sannleikann í málinu og varpa ljósi á ávinning þessara framkvæmda.



Sorglegt er að lifa við þá staðreynd að árið 2007 eru ráðamenn þjóðarinnar að beina þessu gjöfuga og fallega landi inn á braut mikillar og óheftrar stóriðju. Landslag er eyðilagt án þess að lagt sé mat á verðmæti þess. Heimilin í landinu þurfa að borga brúsann í formi verðbólgu og hæstu vaxta sem um getur á byggðu bóli. Miklir stóriðjudraumar ríkisstjórnarflokkanna eru látnir rætast í stað þess að hlúa betur að sérfræðistörfum og hugviti.

Mikilvægt er að staldra við og ígrunda hvert við erum að stefna og hvað við viljum leggja áherslu á í atvinnuuppbyggingu þjóðar sem hefur óteljandi tækifæri án álversvæðingar.

Ólafur Örn Pálmarsson,
náttúrufræðikennari



Goðsögn um einkarekstur í menntakerfinu

Hverri þjóð ætti að vera það kappsmál að hafa gott og vandað skólakerfi með það að markmiði að einstaklingar hafi kost á að viðá að sér þekkingu og færni, í von um að samfélagið njóti góðs af. Flestir eru sammála um að allir þegnar samfélagsins eigi að njóta menntunar og hafa kost á að ganga í skóla, enda hefur fræðsluskylda verið hér á landi frá árinu 1907 og hefur hið opinbera að mestu séð um að eiga og reka grunnskóla.

Jafnan er talað um opinbera skóla eða almenningskóla sem heiti yfir þá skóla sem sveitarfélögin eða ríki reka en einkaskóla sem reknir eru af öðrum aðilum en sveitarfélögum og ríki. Á Íslandi ganga um 99% barna á grunnskólaaldri í opinbera skóla, einungis 1% nema gengur í einkaskóla.

Um miðja síðustu öld fór að bera á nýju sjónarmiði. Í dag eru raddir þess efnis að fleiri aðilar en hið opinbera ættu að eiga kost á veita menntun að gerast æ háværar. Umræða um einkarekstur grunnskóla hefur farið stigvaxandi hér á landi undanfarin ár og í janúar 2007 tóku gildi lög sem tryggja einkaskólum á grunnskólastigi að lágmarki 75% rekstrarfé. Hér langar mig að rifja upp helstu röksemdirnar sem haldið er á lofti fyrir einkarekstri skóla og kanna hvort þau rök gangi upp. Að endingu verða röksemdir fyrir opinberum skólum rifjaðar upp.

Af hverju einkarekstur?

Markaðshyggjan setur hagsmuni einstaklings og réttindi hans skör hærra en hagsmuni heildarinnar. Markaðshyggja gengur út frá því að einstaklingum sé best fallið að velja það sem þeim gagnast best og henti hverju sinni. Hún byggir á hugmyndafræði frjálshyggjunnar en að mati frjálshyggjufólks er mikilvægt að valfrelsi og samkeppni séu til staðar hvað varðar nám og til að svo geti verið þurfi einstaklingshyggja og lágmarksstýring af hálfu hins opinbera að ráða för.

Með því að koma á fót markaðsskipulagi í skólakerfinu mun það að mati talsmanna frjálshyggjunnar breytast til batnaðar. Markaðsskipulag mun samkvæmt frjálshyggjufólki leiða til þess að einstaklingar geti valið á milli fleiri kosta og þar með myndist samkeppni. Samkeppnin telja þeir að búi til hvata fyrir skóla til að gera enn betur því þeir skólar sem ekki standi sig í stykkinu missi nemendur frá sér. Þannig telur frjálshyggjufólk að markaðurinn sjái til þess að verri skólar hætti starfsemi og eftir standi einungis þeir skólar sem geri vel.

Munurinn á einkaskólum og opinberum skólum liggur að þeirra mati í því að opinberir skólar „fá á silfurfati“ bæði fjármagn til að reka skólana, sem og nemendur en ekki er sjálfgefið að einkaskólar fái fjármagn og nemendur.

Þetta telur frjálshyggjufólk að leiði af sér lítinn hvata hjá opinberum skólum til að gera betur því fé og nemendur haldi áfram að koma óháð frammistöðu þeirra.

Á móti má þó segja að hinn fullkomni markaður er hvergi til og á það einnig við um menntun. Þrátt fyrir að markaðsskipulagi sé komið á fót innan skólakerfisins er ekki fullvíst að samkeppni muni verða á milli skóla. Skólar geta ákveðið að hafa samráð í stað þess að keppa og fákeppni getur orðið þegar eigendur skóla eru fáir og jafnvel einokun ef einn aðili, félagasamtök eða fyrirtæki er að reka alla einkaskólana. Auk þess eru oft ekki forsendur til að reka fleiri en einn skóla í dreifðari byggðum og fámennum sveitarfélögum.

Valfrelsi foreldra byggist sömuleiðis ekki eingöngu á að hafa um fleiri en einn kost að velja heldur hvaða upplýsingar foreldrar hafa til að meta gæði skóla og hvaða stefnum og hugmyndafræði skólar byggja á, aðgengi þeirra að þeim og hæfileika foreldra til að lesa úr þeim. Foreldrar geta tekið ákvarðanir byggðar á misvisandi upplýsingum og þrátt fyrir góðan vilja tekið slæmar ákvarðanir. Þó að valmöguleikar séu fyrir hendi er ekki þar með sagt að allir hafi sama val. Margir þættir koma þar við sögu, hætt er við að ójafnræði skapist meðal foreldra og þar með barna um hvaða skóli er valinn, sem leiðir til þess að börnin hafa ekki sömu tækifæri til að hljóta sem besta menntun. Menntaðir foreldrar og/eða auðugir eru í betri stöðu til að velja skóla en fátækar og/eða lítt menntaðar fjölskyldur. Sýnt hefur verið fram á að valfrelsi foreldra gagnast fyrst og fremst milli- og efristéttaríólki (Fowler, F., 2002). Talið er að útkoman verði betri þegar eitthvert val og samkeppni sé í stað þess að ekkert val sé. Þar með er ekki sagt að samkeppni sé eina leiðin til að bæta menntakerfið

En eru einkaskólar betri?

Í samanburði á einkaskólum og opinberum skólum er í flestum tilvikum miðað við námsárangur nemenda. Það er þó yfirleitt talið ófullnægjandi mælikvarði sem nái engan veginn utan um allt það starf sem fram fer í skólum. Eftir sem áður er það ein leið sem hægt er að nota til að meta hvernig skólakerfið er.



Erla Guðrún Gísladóttir



Við fyrstu sýn virðast nemendur í einkaskólum standa betur að vígi en nemendur í opinberum skólum. Niðurstöður úr alþjóðlegum könnunum, líkt og PISA, þar sem námsárangur er meðal annars mældur, benda til þess (OECD, 2005, OECD, 2004, Chubb, J. og Moe, T., 1990, Harrison, M., 2004 og Hoxby, C., 2000). Þegar námsárangur er hins vegar skoðaður nánar og tekið tillit til breyta líkt og stéttastöðu og efnahags nemenda og skóla hverfur sá munur eða verður það lítilt að hann er ekki lengur tölfærðilega marktækur (OECD, 2005, Haahr, J. og fleiri, 2005, Gardner, H., 2000).

Ástæður fyrir því að nemendur í einkaskólum sýna betri námsárangur byggja því ekki á einkaskólunum sjálfum heldur stéttarstöðu nemenda eða öllu heldur foreldra þeirra. Jafnframt njóta einkaskólar góðs af sterkri stöðu nemenda og/eða þess hverfis sem þeir eru staðsettir í auk þess að geta valið og hafnað nemendum eftir eigin vild. Einkaskólar njóta góðs af þáttum sem eru í raun óháðir rekstrarformi þeirra og opinberir skólar sem starfa við svipaðar aðstæður og einkaskólar ná svipuðum árangri.

Af hverju opinber rekstur?


Áhersla á opinbera skóla er gjarnan talin byggja á því að einhver sameiginlegur reynsluheimur og gildi sé ein af forsendum fyrir lýðræði.

Jöfn tækifæri til náms eigi að vera til staðar svo að öll börn, óháð stéttastöðu og efnahag foreldra, hafi tækifæri til að hljóta svipaða menntun og geti orðið fullgildir meðlimir í lýðræðisþjóðfélagi.

Áhrifa menntunar gættir víða og langt í frá að hún einskorðist bara við þá sem njóta hennar. Hátt menntunarstig gagnast þeim sem öðlast menntun, sem og samfélaginu. Lítið er á almenningsskóla sem leið til að koma á sameiginlegum gildum og reynsluheimi og búa nemendur undir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Ekki er talið nægjanlegt að kenna nemendum einungis upp á bókina heldur þarf að kenna umburðarlyndi, virðingu fyrir náunganum og umhverfi, að hugsa á gagnrýnan máta og þjálfra rökhugsun. Í ljósi þessarar hugmyndafræði er brýnt að jöfn tækifæri til náms séu til staðar. Börn eiga að hafa sömu tækifæri til að ganga í skóla óháð stéttastöðu, efnahag, trúarbrögðum, kyni, kynþáttum og fötlun. Staða þeirra á ekki að vera veikari sökum stöðu foreldra í samfélaginu eða efnahags þeirra.

Hvað svo?

Heildarendurskoðun grunnskólalaga frá árinu 1995 stendur nú yfir og 13. mars á síðasta ári var skipuð nefnd sem unnið hefur að því hörðum höndum að mynda frumvarp að nýjum lögum um grunnskóla. Leitað hefur verið eftir víðtæku samráði við hagsmunaaðila, fundir hafa verið haldnir með reglulegu millibili og farið hefur verið í vettvangsheimsóknir víðs vegar um landið og erlendis.



Því má ef til vill skilja furðu ýmissa þingmanna yfir að þessi breyting á grunnskólalögunum, sem veitir einkaskólum rétt á fjármagni frá sveitarfélögum, hafi verið keyrð í gegn á sama tíma og heildarendurskoðun á grunnskólalögum stendur yfir.

Boðaðar breytingar á grunnskólalögum munu vafalaust skila sér í að fleiri skólar stofnaðir af einkaaðilum verði til. Tilgangurinn með þeim, samkvæmt menntamálaráðherra, er að tryggja rekstrarstöðu einkaskóla. Hvaða afleiðingar fjölgun einkaskóla mun hafa í för með sér er þrætuepli milli stjórnmalaflokka. Sú margtuggna mýta að einkavæðing og einkarekstur grunnskóla leiði til betri skóla/betri menntunar er þó einungis skoðun og fátt sem styður þessa goðsögn sem frjálshyggjufólk kyrjar í sífellu.

Heimildir:
Chubb, John og Moe, Terry. (1990). *Politics, Markets & America's schools*. Washington: D.C, The Brookings Institution.

Haahr, Jens H., Nielsen, Thomas K., Hansen, Martin E. og Jakobsen, Søren T. (2005). *Explaining student performance: Evidence from the international PISA, TIMSS and PIRLS surveys*. Danish Technological Institute.

Harrison, Mark. (2004). *Education Matters: Government, markets and New Zealand schools*. Wellington, Education Forum.

Hoxby, Caroline M. (2002). *School choice and school productivity (or could school choice be a tide that lifts all boats?)*. National Bureau of Economic Research

OECD. (2004). *Learning for tomorrow's world: First results from PISA 2003*. Paris: Organisation for Economic Cooperation and Development.

OECD. (2005). *School Factors Related to Quality and Equity: Results from PISA 2000*. Paris, Organisation for Economic Cooperation and Development.



Réttlæti eða ærandi þögn?

Erlendur Jónsson

Það er líklega ekkert sem vekur jafnmikil viðbrögð og umræða um trúarbrögð. Þetta er náttúrulega mál sem er þéttofið við tilfinningar margra og grundvallarlífsskoðanir fólks. Umræður um trúarbrögð hafa hinsvegar verið að opnast síðustu ár með tilkomu vefsíðna sem taka fyrir trúmál eins og t.d. Vantrú. Í kjölfar þessarar umræðu þá er hugtakið trúfrelsi ekki lengur bannorð.

Þrátt fyrir að þessi umræða um trúmál, þó sérstaklega trúfrelsi, sé komin að einverju leyti upp á yfirborðið í þjóðfélagsumræðunni gera margir sér ekki grein fyrir þeirri staðreynd að íslenskt þjóðfélag er fjötrum bundið í þessu máli. Hér er nefnilega einum trúarhóp hygli vegna sögu og ríkistengsla hans.

Þessi tengsl tákna það að þessi litli hópur klerka hefur veruleg áhrif miðað við meðalborgarann. Ein hliðarverkun af þessum tengslum er mismunurinn í lögum landsins gegn öðrum trúarskoðunum, hvort sem um er að ræða klofningssöfnuði, nýja söfnuði, innflutta söfnuði eða jafnvel trúleysi. Sem betur fer hefur trúfrelsi verið að verða rólega að veruleika, þrátt fyrir lög landsins.

Lögin eru nefnilega dugleg við að vera á móti öðrum söfnuðum en þeim eina sem hefur blessun ríkisvaldsins. Til þess að auðvelda okkur lífið í baráttunni gegn ranglætinu þá eru hérna nokkrir punktar, því við þurfum að krefjast réttinda. Við munum ekki fá þau í hendurnar, af því bara:

Þú mátt ekki tala

Hér á landi er oft sagt að sé skoðana- og tjáningafrelsi. Það er einfaldlega ekki rétt, því ennþá eru leifar frá konungum Danaveldis. Guðlast er nefnilega bannað. Meira að segja var sett af stað rannsókn árið 1997 á grundvelli guðlastslaganna. Þá átti að kæra Spaugstofumenn fyrir páskapátt þeirra, þar sem meðal annars blindur maður fékk Sýn (sjónvarpsstöðina).

Þessi vernd gegn kímni er einstök hér á landi. Ekki myndu pólitískar skoðanir manna fá þessa vernd þrátt fyrir að margir taki pólitíkina og fótboltann mun alvarlegar en trúmál.

Ímyndið ykkur hvernig því yrði tekið ef ekki mætti gera grín að KR eða enska knattspyrnuliðinu Manchester United. Það er eitthvað sem segir mér að það færi ekki auðveldlega í gegnum þingið.

Þú mátt ekki elska

Þökk sé Þjóðkirkjunni er ríkið ennþá að mismuna samkynhneigðum. Sú staðreynd að ríkið neitar samkynhneigðum um giftingar er ekkert annað en fíranleg. Einhverjir spyrja án efa, er það ekki Þjóðkirkjan sem er að þessu, það er rétt, en Þjóðkirkjan er ekkert annað en hluti af ríkinu. Reyndar væri ekkert óeðllegt að tala um Ríkiskirkjuna í þessu samhengi.

Til þess að hægt sé að segja að hér sé raunverulegt trúfrelsi í þessu máli ættu öll trúfélög að hafa leyfi til þess að gifta fólki, sama af hvað kyni það er. Járnhæll Ríkiskirkjunnar er engin réttlætning fyrir því að traðka niður frelsi annara trúfélaga í þessu máli þegar sum hafa nú þegar lýst yfir vilja sínum til þess að gifta samkynhneigða.

Þú skalt bara einn vernda.

Sem stendur hljómar 62. grein stjórnarskrár Íslands svo: „Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda. Breyta má þessu með lögum.“

Þú mátt ekki ekki trúa

Þar sem kirkjan er svona þéttofin inn í stjórnsýslu Íslands er félagafrelsið fótum troðið. Margir einstaklingar hafa skráð sig úr Ríkiskirkjunni en komast seinna meir að því að það er buið að skrá þá aftur í kirkjuna, gegn vilja þeirra. Þetta er ekkert annað en stjórnarskrárbrót, því félagafrelsi á að ríki hér á landi. Í ljósi fjöldans sem hefur komist að því á undanförunu misseri að það sé komið aftur inni Ríkiskirkjuna þá er án efa umtalsverður fjöldi einstaklinga sem eru að greiða í sjóði Ríkiskirkjunnar gegn vilja og vitund sinni.

Margir aðrir kynlegir hlutir eru tengdir trúfélagsskráningum. Ber þar hæst að börn eru skráð við fæðingu í trúfélag móður. Þá getur komið upp sú staða að ekki verður hægt fyrir foreldri að skrá barnið út úr kirkjunni, jafnvel með vilja barnsins. Ég spyr mig líka, hvernig stendur á því í þjóðfélagi sem þykist vera jafnréttisþjóðfélag að móðirin geti ein

sins liðs sett barn í trúfélag, án þess að faðirinn komi málinu við. Ætti þetta ekki að vera sameiginleg ákvörðun foreldranna.

Ef við viljum lágmarka áhrif rangra trúfélagsskráningar þá þarf að tryggja gegnsæi í þessu máli. Það væri hægt t.d. með því að setja þar til gerðan reit á skattskýrslur þar sem fram kæmi í hvaða trúfélag sóknargjöld fara. Sóknargjöldin eru nefnilega greidd úr Ríkissjóði. Við þurfum líka að spyrja okkur að einu, af hverju er ríkið að rukka félagsgjöld?

Þú skalt alltaf borga en við fáum meira

Margir vita ekki að Ríkiskirkjan fær meira en tíu þúsund krónur á hvern skattgreiðandi einstakling en önnur trúfélög fá tæplega 8.500 kr, þar með talið Háskóli Íslands. Já, Háskólasjóður Háskólans er trúfélag í sumum skilningi. Það er svo undarleg staðreynd að maður verður næstum því að spyrja sig hvort að Monty Python eigi hlut að málinu.

Ef við lítum líka á þá staðreynd að það er fullt af fólki í Ríkiskirkjunni sem vill ekki vera þar. Segjum líka að þetta sé eitt prósent þjóðarinnar (neðri mörk að mínu mati) sem eru tæp þrjú þúsund manns. Þetta eru þá minnst 30 milljónir á ári, bara í sóknargjöld. Þetta er ekki lítil fjárhæð.

En ef þessir einstaklingar myndu skrá sig allir úr Ríkiskirkjunni þá myndu þau samt borga meira en 25 milljónir króna í sóknargjöld þrátt fyrir að vilja ekki vera í neinu trúfélagi. Hvernig er hægt að réttlæta það?

Þú skalt Stóra Bróður eiga

Hverju ég kys að trúa, kemur ríkinu ekkert við. Svo af hverju heldur ríkið skrá utan um trúfélagsskráningar og sér um rúkkun sóknargjalda. Þetta er dæmi um upplýsingar sem eiga ekkert að liggja á skrá hjá ríkinu sérstaklega. Þetta er dæmi um hlut sem væri að hægt að fletta upp í til þess að mismuna fólki.

Án efa hafa einhverjir hugsað við lestur þessarar greinar: „af hverju skrifa um þetta, trúmál eru persónuleg og á ekki að ræða um“ Ég ætla að leyfa Dr. Martin Luther King eiga lokaorðið af þeim sökum: „On some positions, Cowardice asks the question, “Is it safe?” Expediency asks the question, “Is it politic?” And Vanity comes along and asks the question, “Is it popular?” But Conscience asks the question “Is it right?” And there comes a time when one must take a position that is neither safe, nor politic, nor popular, but he must do it because Conscience tells him it is right.“

Féla
Skól
skól
fasta
Allir
þarf
ég þ
augl
skól
raml
flokk
hafa
rétt
kom
og ja
FÉLA
Hlut
kom
kom
kom
kom
skól
kom
man
Með
milli

Féla
orðir
Lýsir
man
Skól
þjóð
skrif
og þ
dæm
Lög
Mark
þann
búse
Aðal
Miki
um r
sérst
fræð
Siðar
Kenn
skól
mism
(Nr. 3
Kenn
nem
sérfr
að tr



FÉLAGALEIÐ

HLUTLAUSA SKÓLA TAKK!



Reynir Harðarson sálfræðingur býr í Garðabæ og uppgötvaði nýlega að prestur og djákni eru að koma sér fyrir í skólakerfinu þar í bæ. Reynir skrifaði þetta ágæta bréf til að sýna fram á hvað er athugavert við þetta starf sem biskup og fleiri lofa. Bréfinu var dreift til allra heimila í Garðabæ og á Álftanesi.

Félagaleiðin

Skólakomminn: Í starfi mínu í flokknum hef ég umsjón með samstarfi skóla og flokks og barnastarfi flokksins í skólum. Í skólunum hef ég fasta viðveru og sinni sósíalískri sálgæslu sem ég kalla FÉLAGALEIÐ. Allir nemendur skólans geta nýtt sér þessa þjónustu að vild og ekki þarf leyfi foreldra til að nemandi komi í viðtal. Í byrjun skólaárs kynni ég þjónustu Félagaleiðar í öllum bekkjum. Í hverri kennslustofu er auglýsingarmiði FÉLAGA-LEIÐAR. Á skrifstofu FÉLAGALEIÐAR í skólunum eru vers úr Rauða kverinu og kommúnistaávarpið er í ramma á vegg. Auglýsingamiðar um fundartíma alls barnastarfs flokksins í kjördæminu og myndir af Lenín eru í körfu þar sem allir hafa góðan aðgang að. Þegar ég sæki nemanda í viðtal inn í bekk rétta gjarnan fleiri nemendur upp hönd til merkis um að þeir vilji koma og reyna þessa þjónustu. Þótt það sé e.t.v. af einskærri forvitni og jafnvel ósk um að sleppa úr tíma þá eru allir velkomnir í FÉLAGALEIÐ.

Hlutverk komma í skólum:

kommi er fulltrúi kommúnista og vinstri stefnunnar kommi veitir sósíalíska sálgæslu og stuðning kommi er tengiliður milli skóla, heimila og flokks kommi hefur vakninga- og baráttuvörk fyrir nemendur og starfsfólk skólanna kommi leiðbeinir inni í bekkjum og ræðir við börnin um sósíalís-mann, lífið og dauðann.

Með þessu móti og ýmsu öðru er kommi í FÉLAGA-LEIÐ tengiliður á milli uppeldis, menntunar og stjórnmalalífs.

Vinaleiðin

Skóladjárninn: Í starfi mínu í kirkjunni hef ég umsjón með samstarfi skóla og kirkju og barnastarfi kirkjunnar í skólum. Í skólunum hef ég fasta viðveru og sinni kristilegri sálgæslu sem ég kalla VINALEIÐ. Allir nemendur skólans geta nýtt sér þessa þjónustu að vild og ekki þarf leyfi foreldra til að nemandi komi í viðtal. Í byrjun skólaárs kynni ég þjónustu Vinaleiðar í öllum bekkjum. Í hverri kennslustofu er auglýsingarmiði VINALEIÐAR. Á skrifstofu VINALEIÐAR í skólunum eru bænavers og Faðir vor er í ramma á vegg. Auglýsingamiðar um fundartíma alls barnastarfs kirkjunnar í sókninni og Jesúmyndir eru í körfu þar sem allir hafa góðan aðgang að. Þegar ég sæki nemanda í viðtal inn í bekk rétta gjarnan fleiri nemendur upp hönd til merkis um að þeir vilji koma og reyna þessa þjónustu. Þótt það sé e.t.v. af einskærri forvitni og jafnvel ósk um að sleppa úr tíma þá eru allir velkomnir í VINALEIÐ.

Hlutverk djákna í skólum:

djákni er fulltrúi þjóðkirkjunnar og kristinnar trúar djákni veitir kristilega sálgæslu og stuðning djákni er tengiliður milli skóla, heimila og kirkju djákni hefur bæna- og helgistundir fyrir nemendur og starfsfólk skólanna djákni leiðbeinir inni í bekkjum og ræðir við börnin um kristin gildi, lífið og dauðann.

Með þessu móti og ýmsu öðru er djákni í VINALEIÐ tengiliður á milli uppeldis, menntunar og trúarlífs.

Félagaleiðin virðist líklega fráleit við fyrstu sýn en Vinaleiðin er orðin staðreynd.

Lýsingin á Vinaleið og störfum djákna í skólum er fengin frá forvígis-manni hennar til sjö ára í Mosfellsbæ, Þórdísi Ásgeirsdóttur djákna. Skólaýfirvöld í Garðabæ og á Álftanesi hafa nú hleypt Vinaleið þjóðkirkjunnar inn í grunnskólana og þar eru djákni og prestur með skrifstofu og viðveru einn dag í viku. Félagaleiðin gæti þótt sjálfsögð og þörf í N-Kóreu eða Kína en Vinaleiðin argasti ósómi. Á Íslandi er dæminu snúið við.

Lög um grunnskóla:

Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða eða fötlunar (VI. kafli, 29. gr.).

Aðalnámsskrá grunnskóla:

Mikilvægt er að skólinn sýni nærgætni og skilning þegar fjallað er um málefni sem tengjast heimilum, t.d. neyslu- og lífsvenjur. Þetta á sérstaklega við um trúar- og lífsskoðanir. (Bls. 51) Skólinn er fræðslustofun en ekki trúboðsstofnun... (bls. 9)

Síðareglur kennara:

Kennurum ber að hafa jafnrétti allra nemenda að leiðarljósi í skólustarfi. Kennarar eiga að vinna gegn fordómum og mega ekki mismuna nemendum t.d. vegna kyns, þjóðernis eða trúarbragða. (Nr. 3)

Kennarar skulu virða ákvörðunarrétt forráðamanna ósjálfráða nemenda og hafa ekki samband um málefni nemanda við sérfræðinga utan viðkomandi skóla, nema slíkt sé óhjákvæmilegt til að tryggja velferð og rétt barns. (Nr. 8)

Álit Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna:

Norsk stjórnvöld brjóta á trúfrelsi almennra borgara með því að stunda trúboð í skólum, svo sem með því að láta börn læra og fara með bænar, syngja sálma og trúarleg lög, taka þátt í trúarathöfnum, fara í skoðunarferðir í kirkjur, vera með trúarlegar yfirlýsingar, lita eða teikna trúarlegar myndir, taka þátt í helgileikjum og láta þau taka á móti trúarlegu efni s.s. Biblíu eða Nýja testamentinu (15. nóv. 2004). Karl Sigurbjörnsson biskup hefur lýst Vinaleiðinni sem stórkostlegu sóknarfæri kirkjunnar. Vegna kvörtunar um að hér væri um trúboð að ræða aftók hann það í Fréttablaðinu 10. okt. sl.. Það er þá í fyrsta skipti í sögunni sem vígðir menn kirkjunnar eiga ekki að BOÐA fagnaðarerindið í störfum sínum.

Skólalastjórar, kennarar og skólanevnd bera ábyrgð á því að mörgum, sem aðhyllast ekki kristna trú, sárnar og er misboðið vegna trúarstarfs í grunnskólum.

Á Íslandi er lögboðið trúfrelsi en trú manna er einkamál, rétt eins og stjórnmalaskoðanir. Almennur skóli á að vera hlutlaus í slíku – annað er óréttlæti og mismunun óháð því hversu stór hluti aðhyllist þá hugmyndafræði sem yfirvöld eða skólinn hefur kosið að hleypa að. Bréfi þessu er aðeins ætlað að vekja athygli þína á málinu og hvetja þig til alvarlegrar umhugsunar. Börnum á að kenna gagnrýna hugsun, ekki boða rétttrúnað, hvorki í stjórnmalum né trúmalum.

Mörgum verður á að hugsa sem svo að sá sem er á móti Vinaleiðinni í skólum sé á móti aðstoð og stuðningi við nemendur, en svo er alls ekki, eða að sá hinn sami vilji meina kristnum að vera kristnir. En hér er aðeins verið að benda á óviðeigandi afskipti trúfélags af skólustarfi.




Minning um land

Undir miðlunarlóni Kárahnjúkavirkjunnar hvílir nú land sem hvorki stór hluti núlifandi kynslóða né komandi kynslóðir munu fá að kynnast. Vegna þessarar staðreyndar stóðu Ung vinstri-græn fyrir sorgar-og minningarstund laugardaginn 6. janúar. Tveir flokksfélagar, annar sem aldrei hafði notið náttúrudýrðarinnar fyrir austan sem nú er undir lóni og hinn sem mun aldrei fá þess notið, tóku til máls í minningu landsins.

Þrátt fyrir sorlegt tilefni nýttu Ung vinstri-græn tilefnið til að veita þingflokki Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs verðlaun fyrir ósérhlífna baráttu fyrir náttúru Íslands. Við sama tilefni var ljósmyndabók sem stjórn Ungra vinstri-grænna útbjó í samstarfi við Christopher Lund, ljósmyndara. Þessi bók var framleidd í einu eintaki og afhent Landsbókasafni til varðveislu. Bók þessi geymir ljósmyndir af Kárahnjúkasvæðinu áður en því var drekkt. Það er ósk okkar að núlifandi og komandi kynslóðir fá notið þessara mynda sem örlítillar sárabótar fyrir landið sem tekið var frá þeim, þó þær muni aldrei jafnast á við að kynnast landinu af eigin raun.


Stjórn Ungra vinstri-grænna 2006-2007





19





Paul Nikolov

Paul David Fontaine Nikolov er fæddur árið 1971 í Baltimore á austurströnd Bandaríkjanna þar sem hann er einnig uppalinn. Nú býr Paul í Reykjavík ásamt konu sinni og dóttur. Árið 1998 lagði hann upp í ferð sem enn sér ekki fyrir endan á. Ég settist niður með Paul á kaffhúsi í miðbæ Reykjavíkur og ræddi við hann þessa ferð hans.





Hvernig kom það til að þú fluttist til Íslands?

Ég kom fyrst til Íslands sumarið 1998 og ferðaðist þá um landið á puttanum. Ég eignaðist nokkra vini hér á Íslandi í þessari ferð og grínaðist með það við þá að kannski myndi ég bara flytja hingað.

Og það var svo ekkert grín?

Nei. Sumarið 1999 flutti ég hingað með aðstoð vina minna. Ég starfaði fyrst um sinn á Fjörukránni í Hafnarfirði og seinna á sambýli í Hafnarfirði. Seinna flutti ég til Akureyrar þar sem ég kynntist konunni minni.

Hvernig kyntist þú henni?

Ég hitti hana árið 2002 þegar ég var að ferðast um landið, aftur, á puttanum. Hún vann á gistiheimili á Akureyri. Á þessum tíma bjó ég í Kópavogi og þegar við byrjuðum að deita þá fór ég á milli Kópavogs og Akureyrar næstum því um hverja helgi, á puttanum.

Þú hefur lagt ansi mikið á þig til að hitta hana...

Já. Eitt skiptið sem ég var að fara þá spurði maðurinn sem tók mig upp að því afhverju ég flytti ekki bara til Akureyrar. Ég sagði já auðvitað og í kjölfarið flutti ég til Akureyrar þar sem við bjuggum saman í næstum því eitt ár áður en við fluttum saman til Reykjavíkur.

Og konan þín, er hún íslensk? Nei. Hún kemur frá Búlgaríu.

Það er því nokkuð merkilegt að þið skulið hafa hittst hér á Íslandi. En nafnið þitt, Nikolov, það gæti alveg verið búlgargargst eftirnafn. Á fjölskylda þín einhverjar rætur að rekja til Búlgaríu?

Nei. Nikolov er ekki fjölskyldunafni mitt, það er Fontaine. Konan mín heitir Krimina Nikolova. Karlkyns Nikolova er Nikolov. Þannig að þegar við giftumst þá varð ég Paul Fontain Nikolov og hún Krimina Nikolova Fontain. Á endanum fannst mér þreytandi að segja Paul Fontain Nikolov þannig ég fór bara að segja Paul Nikolov.

Nú eru Bandaríkin land innflytjenda þannig að fjölskyldan þín hlýtur að eiga rætur víðar en bara þar?

Langa-langamma mín var frumbyggji, þannig að hún og hennar forfeður hafa alltaf verið þar. Fjölskylda föður míns er ættuð frá Frakklandi og flutti til Quebec í Kanada á 18. öld og svo suður til Bandaríkjanna í kringum 1920. Afi minn í móðurætt var frá Ítalíu og amma mín frá Póllandi en þau fluttu till Bandaríkjanna á fjórða áratug 20. aldar.

Nú hefurðu látið þig verða málefni innflytjenda hér á Íslandi. Heldurðu að uppruni þinn eigi þar hlut að máli?

Já, afi minn og amma sögðu mér frá sinni reynslu þegar þau gerðust innflytjendur í Bandaríkjunum og sú reynsla var ekki bara jákvæð. Mér þótti það alltaf skrítið því að Bandaríkin eru innflytjendaland. Þannig að þetta hefur haft áhrif á mig og ég var byrjaður að hafa áhuga á innflytjendamálum þegar ég var í Bandaríkjunum, en samt ekki fyrir alvöru fyrr en ég flutti hingað.

Nú ertu kominn í framboð til Alþingis og hefur augljóslega brennandi áhuga á samfélagsmálum hérna á Íslandi.

Varstu eitthvað í pólitík í Bandaríkjunum eða einhverjir í kringum þig?

Fjölskyldan mín er mjög pólitísk. Faðir min og afar mínir hans megin eiga sér rætur í verkalyóshreyfingunni í Bandaríkjunum. Langafi minn stóð meðal annars í verkalyósbaráttu á þeim tímum sem lögreglan var í fullum rétti til að berja verkamenn í götuna ef þeir fóru í verkfall til að krefjast þess að fá lágmarslaun.

Þannig að barátta fyrir réttlæti ristir mjög djúpt í þinni fjölskyldu?

Já, ég ólst upp með þessum hugmyndum og þegar ég kom til Íslands þá sá ég strax mikla möguleika fyrir fólk eins og mig til þess að hafa áhrif.

Hvað meinarðu með því?

Það er allt miklu smærra í sniðum. Hérna getur hver sem er pantað tíma hjá ráðherrum og rætt við þá, eða sent þingmönnum tölvupóst og fengið svör við þeim.

Þetta hlýtur að vera töluvert ólíkt því sem þú þekktir í Bandaríkjunum þar sem allt er miklu stærra og fjarlægðin á milli fólksins og stjórnámamannanna nánast ómælanleg?

Ó já. Það er mjög mikill munur. Eins og ég sagði þá hafa allir möguleika á því að ræða við stjórnámamennina hér og hafa kannski áhrif á þá. Það eru kannski ekki margir sem nýta sér þetta, en það er alla vega hægt. Fyrir mörgum er þetta ómögulegt í Bandaríkjunum.

Og þú hefur greinilega nýtt þér þessa möguleika.

Já. Ísland stendur núna á krossgötum. Það eru svo miklir möguleikar núna í ýmsum málefnum, ekki bara innflytjendamálum, líka í umhverfismálum, menntamálum og skipulagsmálum. Ég bara gat ekki setið hjá, ég varð að taka þátt.

Og nú ertu kominn í framboð.

Já það er það besta, ólíkt því sem gerist í Bandaríkjunum, að hér þarf maður ekki að vera miljarðamæringur til þess að bjóða sig fram. Og annað sem mér finnst líka mjög gott er að hér snúast stjórn málin ekki eins mikið um persónur, eru ekki jafn persónuleg, og þau eru í Bandaríkjunum. Þar þarf fólk að þola ótrúlegustu hluti sem koma stjórn máluunum í raun ekkert við.

En nú komu upp raddir eftir forvaldið í desember sem reyndu að gera lítið úr þér og sögðu þig ekki tala Íslensku. Fannst þér það ekki óþægilegt?

Mér fannst það ekki stórmál. Þar var bara fólk sem þekkti mig ekki og hafði aldrei talað við mig. Það var ekki verið að reyna að grafa neitt upp til þess að koma höggi á mig. Og í rauninni held ég að það kæmi einungis niður á þeim sem reyndi slíkt hér á Íslandi.


Þú skipar 3. sæti í Reykjavíkurborg norður og átt því sæmilega möguleika á því að verða þingmaður, eða í það minnsta varþingmaður. Hvernig lýst þér á það?

Mér finnst það mjög spennandi og stefni auðvitað á að fara á þing. Mér finnst það líka skipta miklu máli að Vinstri græn nái góðum árangri því að það er svo mikil jákvæðni í flokknum, svo mikill vilji til þess að gera Ísland að betra landi. Í flokknum hugsa fólk um það hvað Ísland getur í stað þess að horfa bara á það hvernig hlutirnir eru. Það eru svo miklir möguleikar fyrir Ísland að verða besta land í heimi og ég vil taka þátt í því.

spryll: Elías Jón



AKTÍVISTINN MAGGI



Hvaða leið ferð þú til þess að koma hugsjónum þínum og skoðunum á framfæri?

Ég er hrifinn af því að gera það aðallega í gegnum samræðuna. Mér finnst svo gaman að tala við fólk. Það eru bara góðir hlutir sem geta komið út úr rökræðum því að eins og Mill segir í Frelsinu: ef ég hef rangt fyrir mér þá get ég í gegnum rökræðuna komist að því og ef ég hef rétt fyrir mér get ég afsannað mál keppinautarins og þá styrkir það mína skoðun.

“Við getum klætt apakött í jakkaföt og stillt honum upp í pontu og allir valdamestu og meintir gáfuðustu menn á Íslandi standa upp fyrir apakettinum, bara vegna þess að hann er í jakkafötum og er titlaður fundarstjóri.”

En maður hefur gert annað smálegt. Þegar ég var ritstjóri Stúdentablaðsins var ég fundarstjóri á 1. desember-hátíð stúdenta, í hátíðarsal HÍ. Henni var útvarpað í beinni útsendingu á Rás 1. Mér fannst sniðugt að nota tækifærið til að gera eitthvað sniðugt því þarna voru forseti Íslands, þingmenn, ráðherrar, prófessorar, stúdentar og fleiri. Kærastan mín sem er listakona var á þessum tíma að vinna með hugtakið „ekkert“. Ég var heillaður af því og skrifaði smásögu og skáldaði upp imyndaðan höfund sögunnar og ákvað að lesa hana fyrir útvarpshlustendur og viðstadda. Ég laug því að hinn falski höfundur, Guðjón Guðmundsson, meintur stúdent, ættjarðarvinur og einn ótúlasi baráttu- maður fyrir réttindum námsmanna sem þjóðin hefur alið, hefði framið sjálfsmorð á þessum degi fyrir 20 árum og það alla viðstadda vinsamlegast um að standa upp og sameinast í stundarþögn í minningu Guðjóns. Upp stóðu forseti Íslands og allir þessir þingmenn og þá erum við komin aftur að „ekkert“-inu – lyginni sem hefur „ekkert“ viðfang, þögninni sem er „ekkert“ hljóð og auðvitað minnst fólk

„einskis“ því hinn látni var fabrikeraður. Upphaflega átti þetta að vera gjörningur fyrir lokaðan hóp vina minna en það má kannski líka kalla þetta brenglaðan aktívisma. Sagan fjallaði um Hörmung, ungan mann sem ræður sig á skip, en er ráðinn á fölskum forsendum. Hann hélt að hann væri að fá ókeypis ferð til Fögruborgar en skipstjórinn, Tvitunga Algóða, var svo ýmisleg að hún laug að honum. Um leið og hann var kominn um borð þurfti hann að þræla fyrir farinu. Allt sem þessi vondi skipstjóri sagði í sögunni voru beinar tilvitnanir í mál Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur. Eftir upplesturinn tók fólk í hendina á mér, þakkað mér pent fyrir og spurði hvar ég hefði fundið þessa finu sögu. Það fattaði ekki djókinn. Þetta sýnir mátt sýndarafllsins í þessu litla samfélagi okkar; við trúum blint á innantóma titla og útlit.

Við getum klætt apakött í jakkaföt og stillt honum upp í pontu og allir valdamestu og meintir gáfuðustu menn á Íslandi standa upp fyrir apakettinum, bara vegna þess að hann er í jakkafötum og er titlaður fundarstjóri.

Þú fórst til Palestínu – er það ekki aktívismi?

Ég fór til Palestínu vegna þess að ég vissi ekki nóg um þá sannfæringu sem sagði mér að þarna væri óréttlæti á kreiki. Ég þekkti bara það sem ég hafði heyrt og lesið. Ég var tvær vikur í Palestínu. Við fórum í skóla og spítala, sumarþúðir fyrir börn, keyrðum um í sjúkrabilum, fórum í flóttamannabúðir og hittum fólk. Þegar maður er kominn þangað áttar maður sig á því að við erum öll samsek. Allir sem ekki eru Palestínumenn eru samsekir vegna þess að við erum umheimurinn og við höfum horft á þetta gerast en höfum ekki lyft litlafingri til hjálpar. Börnin í Palestínu upplifa óréttlæti og hatur á hverjum degi. Við tölum t.d. um neikvæð áhrif tölvuleikja á börn en við ættum kannski frekar að huga að

uppeldisgildi raunverulegrar skothríðar eða raunverulegra F-16 þotna. Einu útlendingarnir sem þessi börn hafa séð líta út alveg eins og ég en koma til að skjóta mönnum og pabba. Þannig að þegar við lékum okkur við krakkana í Palestínu, sáu þau að það eru ekki allir útlendingar vondir. Það var eina hjálparstarfið eða „aktívismi“ sem við stunduðum.

Hatrið, fyrirlitningin og fordómarnir eru komnir út í svo miklar öfgar að það er erfitt að sökkva sér ekki í tómhyggju og sjálfsvorkun og segja „já ég veit þetta er allt vont en hvað get ég gert“? En maður hefur ekki rétt á því.

Hvar eru mörkin?

Við erum löngu farin yfir öll vel- sæmismörk. Þegar guð dó í vestrænu samfélagi þá hurfu siðalögmálin líka.

Það eru dæmdir glæpamenn á Alþingi sem sýnir samband kapitalisma og geðklofa. Á Alþingi er fólk sem er býr til reglur en er á sama tíma að brjóta þær. Það er því í mótsögn við sjálf sig. Þetta er þessi hugmynd með geðklofan. Við erum öll í mótsögn við sjálf okkur. Það er ekki neinn hugmyndafræðilegur ágreiningur lengur en það þýðir ekki að 21. öldin marki endalok hugmyndafræðinnar. Þessi skortur á ágreiningi er einmitt kapitalisminn þar exellance. Við höfum ekkert á móti nýrri tækni, nýjum vinum, nýjum orðum, nýjum vopnum, nýjum stríðum en getum á sama tíma ekki hugsað okkur nýja hugmyndafræði – allt verður að vera innan sama gamla rammans. Ég er eilífð frá því að vera alsjáandi en efast þó um að þessi braut sem við erum á sé rétt. Það eru viðvörunarljós að blikka út um allan heim. Manni fallast hendur. Þarna er svo hætt við því að maður leggist í tómhyggju, en maður er sjálfur hluti af þessu vandamáli og ber skylda til að a.m.k. reyna að breyta sjálfum sér eða bæta sig. Það er ekki hægt að stíga út úr samfélaginu.

AKTÍVISTINN FÍFA



Hvernig kemur þú hugsjónum þínum og skoðunum á framfæri?

Ég reyni að mæta á hvers kyns viðburði og uppákomur. Ég er feministi og náttúruverndarsinni en ég hef verið aktívur í málefnum feminista og nýkomin í ráð feministafélagsins. Ég mæti á hitt hjá félaginu og er á póstlistanum, og svo geri ég mikið af því að að hringja á fréttastofur eða skrifa bréf þegar mér er misboðið. Geturðu nefnt dæmi um slíkt? Já, nýlegt dæmi er t.d. þegar afhommurinn Alan Chambers kom fyrir stuttu í viðtal í Kastljósinu. Það er

“Ég trúir á blandaðar aðgerðir. Ég er sjálf rosalega hrifin af borgaralegri óhlýðni, af því að mér finnst það bara spennandi. En ég held að það hafi lítið að segja á meðan að við erum ekki með yfirvegað fólk sem talar af skynsemi og rökhyggju.”

algerlega útaf kortinu að sýna þetta í íslensku sjónvarpi því hann var bara að predika um það að fólk ætti að vera inni skápnnum og lítið var reynt að svara honum og koma með hina hliðina. Þetta var ekki innlegg í neina umræðu heldur mjög einhliða drottningarviðtal og ég hringdi í Kastljós og sagði að þetta væri ég óánægð með.

Finnst þér vandinn liggja hjá fjölmiðlum?

Það er náttúrulega auðvelt að gagnrýna fjölmiðla því þeir hafa óskaplega mikið vald, en að sama skapi eru fjölmiðlar í góðri aðstöðu til að geta breytt hlutunum. Við Kristín Tómasdóttir vorum með sjónvarpsþátt á NFS í fyrra sem hét „Óþekkt“ og var feminískur sjónvarpsþáttur sem fjallaði um allt á milli himins og jarðar sem sneri að konum. Þetta var mjög skemmtileg reynsla en ég veit ekki hversu mikil áhrif þetta hafði því að við vorum á dagskrá á laugardagsmorgnum klukkan 10.

Hvað er það sem að þú heldur að hafi áhrif?

Ég trúir á blandaðar aðgerðir. Ég er sjálf rosalega hrifin af borgaralegri óhlýðni, af því að mér finnst það bara spennandi. En ég held að það hafi lítið að segja á meðan að við erum ekki með yfirvegað fólk sem talar af skynsemi og rökhyggju. Ég er hrifin af þeirri skilgreiningu að friðsamleg mótmæli eru ekki það sama og lögleg mótmæli.

Friðsamleg mótmæli geta verið ólögleg, eins og í Kárahnjúkamálinu þegar farið var inná ólögleg svæði þá er það samt friðsamlegt. Ég dreg mörkin við ofbeldi.

Hvað með friðhelgi einkalífsins, má taka einhvern sérstaklega fyrir?

Maður gagnrýnir auðvitað opinberar persónur. Forsætisráðherra er að láta út úr sér fáránleg ummæli trekk í trekk sbr.

Hverju finnst þér þú hafa áorkað?

Ég held að árangurinn sé ekki mælanlegur fyrr en eftir eitthvert ákveðið tímabil þegar við litum við baka. Ég er t.d. á hlústa á útvarpsþætti sem Rauðsokkureyvingin gerði fyrir meira en 30 árum en þær voru þá að berjast fyrir barnaheimilum. Það var ekki fyrr en R-listinn tók við í Reykjavík sem að Leikskólar Reykjavíkur voru stofnaðir og það hefur verið leikskóli allan daginn fyrir öll börn yfir tveggja ára aldri. Það er s.s. ekki lengra en þetta síðan að mál sem eru svo fáránlega eðlileg í dag, voru bara ekkert eðlileg. Svona gerist þetta smám saman, með blönduðum aðgerðum. Með ólöglegum aðgerðum og löglegum aðgerðum og dónaskap og hógvæð og öllu í bland.

frægu athugasemdina um sætustu stelpuna á ballinu. Það að fólk skuli vera að segja svona hluti segir náttúrulega margt um þeirra hugsunarhátt því fólk missir ekki svona bara út úr sér. Brandararnir sem þú segir spretta úr þeirri hugmyndafræði sem þú hefur. Þegar hann segir svo að það sé ekki hægt að segja til um að þessar stelpur í Byrginu hefðu ekki orðið óléttar hvort sem var, þá segir það líka ákveðnan hlut. Það segir það að honum er skítsama um þessar konur.

Hvaða aðgerðir heldurðu að skili mestum árangri?

Ég er mjög spennt fyrir einu sem við vorum að ræða á síðasta hitti feministafélagsins, en það er viðskiptaval. Mér finnst skemmtilega þæling hvort það virki, hvort svona einstakar aðgerðir hjá mér geti skilað einhverju. Ég held ekki að mér takist bara allt í einu að opna augu einhvers blaðamannsins sem ég hringi í þegar mér er misboðið, heldur gerist þetta smátt og smátt.

Ríkisstjórn hinna glötuðu tækifæra.

Fyrir ungt fólk virðist það nánast orðið náttúrulögmál að að alþingiskosningum loknum myndi Sjálfstæðisflokkurinn ríkisstjórn með þeim flokki er þeir telja sig geta ráðskast með. Þessi saga upphófst árið 1991 þegar formaður Alþýðuflokksins ákvað að mynda ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum þrátt fyrir að getað myndað ríkisstjórn með Framsóknarflokknum og Alþýðubandalaginu. Reyndist sú ákvörðun formannsins dýrkeypt því í kjölfarið umhverfðust íslensk stjórnarmál. Nú sextán árum síðar er ágætt að líta yfir farinn veg og sjá hvers vegna hægri stjórn má ekki halda áfram eftir næstu alþingiskosningar þann 12. maí.

Ísland hefur gerst beinn aðili að þremur styrjöldum á þessum tíma á Balkanskaga 1999, í Afghanistan 2001 og Írak 2003 í öllum tilfellum hefur verið um árásarstríð undir forystu ríkisstjórnar Bandaríkjanna. Íslensk stjórnvöld hafa aldrei reifað neinar efasemdir við þessi árásarstríð Bandaríkjustjórnar þrátt fyrir þær hörmungar sem leiddar hafa verið yfir saklaust fólk. Siðferðisleg ábyrgð ríkisstjórnarinnar er skýr en talið er að fjöldi látinna, ef einungis er litið til Íraksstríðsins, hlaupi á hundruðum þúsunda og ekki sér fyrir endann á þeirri öldu ofbeldissverka sem þar ríkir.

Íslenska þjóðin er loks orðin herlaus þjóð sem er mikið gleðiefni fyrir alla friðarsinna. Það lá alltaf ljóst fyrir að við endalok kalda stríðs væri engin þörf fyrir herstöð á Miðnesheiði til að þjóna hagsmunum Bandaríkjustjórnar. Stjórnvöld neituðu hins vegar alltaf að horfa raunsætt á málin og huga að brotthvarfi hersins. Þetta leiddi til þess að enginn undirbúningur átti sér stað til að aðstoða fólk sem hafði atvinnu af hernum né huga að þeim margslungna umhverfisvanda sem nú blasir við af völdum hersins.

Áhersla á einhæfa stóriðjulausnir í formi álbræðslu hefur verið meginkeppikefli stjórnarinnar. Forystumönnum hennar hefur ekki fundist tiltökumál að fórna ósnortnum víðernum til að framleiða ódýrt rafmagn ofan í álbræðslu. Kárahnjúkavirkjun eru stærsta minnismerki um getuleysi sem reist hefur verið á Íslandi. Auk þess að fórna gríðarlegum landsvæðum undir virkjunina þurfa heimilin í landinu að greiða herkostnaðinn í formi hærri vaxta, verðbólgu og hærri raforkuverðs. Engin áform eru um að hætta þessari getuleysispólitík heldur þvert á móti vilja áköfustu álsinnarnir reisa álver í Helguvík, Húsavík, Þorlákshöfn og stækka álverið í Straumsvík. Engin kortlagning hefur átt sér stað um hvaða virkjunarkostir teljast skynsamlegir út frá náttúruverndarsjónarmiðum. Stóriðjustefnan er því keyrð áfram í fullkominni blindni og Landsvirkjun sem hefur til þessa fengið að forgangsráða virkjunarkostum.

Sjúklingaskattar hafa verið innleiddir. Var það gert til að innleiða kostnaðarvittund meðal sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Það þótti ekki nóg að vera sjúkur heldur þarf einstaklingur að gera sér grein fyrir fjárhagslegum kostnaði við það. Sérstök gjöld í velferðarkerfinu hefur verið keppikefli hægri stjórnarinnar.

Skattbyrði þeirra sem hafa tekjur upp að 250 þúsund krónum á mánuði hefur aukist á meðan skattbyrði á hærri tekjur hefur minnkað. Skattleysismörk hafa ekki fylgt verðlagshækkunum og eru um 80 þúsund krónur en ættu að vera um 130 þúsund krónur á mánuði. Þannig hafa hinir tekjulægstu lítið kynnst hinu margrómaða góðæri í þjóðfélaginu.

Ríkisstjórnin hefur einnig verið sérlega áhugasöm um að gera sem minnst fyrir aldraða og öryrkja. Báðir þessir hópar hafa mætt litlum skilningi hjá stjórnvöldum og raunar þurft að gera upp sín mál frammi fyrir dómstólum. Svokallað „öryrkjamál“ sýndi hug stjórnarinnar til þessa hóps en tvívegis var ríkið dæmt í hæstarrétti fyrir að brjóta á stjórnarskrárbundum rétti þeirra um lágmarksframfærslu sem og jafnréttisákvæði hennar.

Stjórnvöld ákvaðu að hefja hvalveiðar að nýju þrátt fyrir að ferðaþjónustan hafi nýtt hvali með sársaukalausum hætti um árabil. Engin veigamikil rök virtust búa að baki ákvörðuninni, nema menn telja útkomu Sjálfstæðisflokksins á Vestfjörðum í kosningum veigamikil, sem skaðaði orðspor Íslands á alþjóðavettvangi.

Íslendingar hafa líka skuldbundið sig eins og aðrar ríkar þjóðir til þess að verja 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu til þróunarmála. Var hnykkt á slíkum fyrirheitum í þúsaldaryfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna en þar var heitið stórátaki í baráttunni gegn fátækt og misskiptingu í heiminum. Framlög til þróunarmála voru ráðgerð um 0,2% af vergri þjóðarframleiðslu árið 2006. Standa Íslendingar nágrannaþjóðum sínum langt að baki en þjóðir eins og Noregur, Svíþjóð og Danmörk eru í hópi þjóða í fremstu röð þegar kemur að framlögum til þróunarmála.

Launa- og lífskjaramunur hefur aukist hér á landi og fjarlægjumst við Norðurlöndin í þeim málum. Sérstaklega hefur ójöfnuður aukist með ógnarhraða frá 1995 en alþjóðlegar mælingar, svokallaður GINI stuðull, sýnir að Ísland er að nálgast Bretland hvað ójöfnuð varðar. Slík þróun er óhugnaleg í ljósi þeirrar gífurlegu stéttaskiptingar sem hefur einkennt breskt samfélag.

Frá því 1994 hefur óútskýrður kyndbundin launamunur staðið í stað. Í krafti þess að vera kona má viðkomandi búast við að vera með um 16% lægri laun en samstarfsmaður sem er karl.

Málefni framhaldskólanna hafa verið með einkenilegum hætti. Ýmist er á dagskrá að stytta nám til stúdentsprófs eða taka upp samræmd stúdentspróf. Virðist lítið móta fyrri heildstæðri stefnu í þessum málaflokki og ræðst þar frekar af veðrinu hvað sé á dagskrá.


Í tilefni heimsóknar Kínaforseta, Jiang Zemin, árið 2002 hugðist hópur fólks koma til landsins og mót-mæla mannréttindabrotum í Kína. En þessi hópur sem kallar sig Falun Gong hefur mátt sæta hörðum ofsóknum af hálfu kínverskra stjórnvalda. Ríkisstjórn Íslands tók sig til og útbjó svarta lista með nöfnum fólks er máttu ekki stíga um borð í flugvæg til Íslands á meðan á heimsókn Kínaforseta átti sér stað. Beið þeirra Falun Gong-liða sem komust til Íslands vistun í fangabúðum í Njarðvíkurskóla.

Erlendar skuldir Íslands eru iskyggilegar. Viðskiptahallinn á þriggja ára tímabili frá 2004-2006 er áætlaður um 150 milljarðar að meðaltali á hverju ári. Bara í júlímánuði 2006 var viðskiptahallinn um 19 milljarðar. Ofan á þetta bætist að skuldir íslenskra heimila eru meðal þeirra mestu í heimi. Árið 1990 voru þær um 80% af ráðstöfunartekjum heimilanna en 15 árum síðar voru þær um 200%.

Hér hefur einungis verið stiklað á stóru en margt fleira mætti nefna. Allt ber að sama brunni – tækifærum til að vera í forystu í umhverfis-, velferðar-, friðar- og mannréttindamálum er fórnað vegna skammsýnnis-jónarmiða. Ríkisstjórn sem hefur setið allt of lengi þarf að vikja fyrir nýrri sem lætur ekki slík tækifæri fara forgörðum.

Huginn Freyr Þorsteinsson





Ísland úr NATO

Þann 30. mars 1949 var örlagarík ákvörðun tekin fyrir hönd íslensku þjóðarinnar. Án þess að fólkið í landinu hafi verið spurt leyfis var þjóðarskútunni siglt inn undir pilsfaldinn á Nató. Þar kúrdi hún sig niður í víggirtu skipalægi bandaríska hersins og þóttist örugg fyrir þeim vályndu veðrum sem hringsóluðu líkt og hungraðir hrægammar yfir heimsbyggðinni og menn hér á landi töldu að biðu þess færís að stinga sér niður og rífa á hol okkar jarmandi lambakjöt, slíta upp lyngið, svívírða stoltið og nauðga þjóðinni. Þessir gammar voru eftirlegukindur Seinni heimstyrjaldarinnar sem hafði rækilega sett mark sitt á heiminn. En þeir voru títt kallaðir kommúnistagrýlan og hefur tímabilið sem svo gekk í garð verið kallað Kalda stríðið af seinni tíma mönnum.

Tvö heimsveldi hnykkluðu vöðvana og settu í brýrnar sitthvoru megin við Atlantshafið með okkur skjálfandi í miðjunni. Já, þetta hljómar allt mjög skelfilega. En þetta er allt í lagi, þetta reddaðist allt. Okkur var bjargað af ráðamönnum landsins og Bandaríkjamönnum. Landið var að vísu hernumið af erlendu herliði, en það voru góðu karlarnir.

En í alvöru talað, var þetta allt í lagi (og er ennþá allt í lagi)? Voru þetta örugglega góðu kallarnir en hinir, þ.e.a.s. kommúnistarnir, þeir vondu? Margt þarf að athuga í því sambandi en í stríði eru engir af þátttakendum þess annað hvort góðir eða vondir, öllu heldur eru allir vondir. Að vísu hafði verið erlent herlið í landinu í nokkurn tíma þegar landið gekk í Nató. Bretar réðust hér til landgöngu

árið 1940 þegar Seinni heimstyrjöldin komst á skrið. Þjóðverjar voru þá nýbúnir að ráðast inn í Danmörku og hernema án nokkurrar mótspyrnu. (Íslendingar tóku endanlega við stjórnartaumum landsins þegar sambandið rofnaði við Danmörku.) Ísland hafði þá talsvert hernaðarlegt gildi sem eyja norður í Atlantshafi. Bandamönnum leist ekki á þá tilhugsun að Þjóðverjar hefðu vígi á miðri siglingaleiðinni milli Evrópu og Norður-Ameríku. Stuttu seinna tóku Bandaríkjamenn við af Bretum, eða árið 1941. En það var fyrst síðasta vor sem sá fyrir endann á dvöl þeirra hér á landi.

Vissulega fylgdi hernáminu mikil atvinna fyrir þjóðina og réttist nokkuð úr landanum bæði líkamlega og fjárhagslega. Þjóðin kynntist nútímanum mun hraðar en hún annars hefði gert.





Þórhildur Halla Jónsdóttir

Hún náði að grafa sig upp úr kreppunni og eins sorglega og það hljómar þá græddum við á tá og fingri á stríðinu. Viðvera hersins var því ekki slæm að öllu leyti. Það var jú stríð út í Evrópu. Það varð einhver að passa upp á okkur á meðan karlmennirnir voru út á sjó, að byggja mannvirki fyrir herinn eða uppi á fjöllum að elta sauðfé.

Áður en stríðið hafði fyllilega runnið sitt skeið, kriðuðum við sjálfstæði úr Dönnum. Kannski órlítið lúalegt bragð að snúa uppá hendina á þeim þegar Þjóðverjar voru búnir að gera það svona líka rækilega. Enda voru það Þjóðverjar en ekki Danir sem svöruðu þegar hringt var til Danmerkur. Lítið stóðaði að ræða við þá um endurskoðun sjálfstjórnar Íslands og sambandið við danska konungsdæmið. Í dag fer það bara órlítið fyrir brjóstið á dönskum sögukennurum.

Því var það stór biti að kyngja fyrir nýsjálfstæða íslenska þjóð að ganga inn í hernaðarbandalag og vera áfram hersetin af bandarískum hermönnum í þokkabót þrátt fyrir að engin nálæg átök væru að eiga sér stað. Það hafði líka verið gert samkomulag við Bandaríkjamenn um að herinn ætti að fara tafarlaust af landi brott þegar ófriði heimstyrjaldarinnar síðari linnu. Í raun var aldrei staðið við það loforð.

Þann 15. mars á síðasta ári bárust svo þau tíðindi að herinn væri á förum frá landinu, þrátt fyrir mikið væl og skæl í ríkisstjórninni og ýmis bellibrögð. Má þá helst nefna einkaframtak Davíðs og Halldórs að gera þjóðina í heild sinni meðseka í fjöldamorðunum í Írak. Ræsktu Bandaríkjamenn sig, sögðu okkur upp og gerðu sig tilbúna til að yfirgefa pleisið.

Örvæntingin og lítillækkunarferillinn sem Davíð Oddson, Halldór Ásgrímsson og loks Geir H. Haarde (fyrir hönd Valgerðar Sverrirsdóttur núverandi utanríkisráðherra, sem var ekki treyst í verkið) gengu í gegnum með öllum sínum fundum og þeim yfirlýsingum að hann Bush væri sko finnn kall og góður félagi þeirra, bæði fyrir og eftir uppsögnina, skilaði þeim litlu. Ekki tókst þeim að telja ríkisstjórn Bandaríkjanna á að skilja eftir orrustuþornar fjórar, okkur litlu greyjunum hérna á klakanum til varnar. Í staðinn voru þær sendar í önnur vafasöm verk út í heimi.

Friðarsinnar og hernaðarandstæðingar allir fögnuðu aftur á móti þessum langþráðu tíðindum. Loksins fengi land og þjóð að sjá í afturendann á eldflaugunum og öllu heila klabbinu. Andspyrnan gegn herstóðinni, og bandaríska hernum eins og hann lagði sig, hafði ekki verið vonlaus. Heldur þörf og mikilvæg í baráttunni fyrir herlausu landi. Til að minna á tilvist þessa erlenda herafis og dvöl þess sem engan endi virtist ætla að taka. Jafnvel þó að Kalda stríðið væri löngu liðið undir lok, en það höfðu ávallt verið helstu rökin sem beitt var þegar rifist var um herstöðina. Sovétríkin orðin fyrirverandi og Bandaríkin ráðandi herveldi í heiminum.

Ísland ætti að vera með öllu friðlýst land. Íslendingar eru friðarþjóð sem þekkir lítið til stríðs nema úr öruggri fjarlægð og fyrir það eigum við að vera þakklát. Vissulega lentu íslensk skip í hremmingum í Heimstyrjöldinni síðari og mannskaði varð og engin ástæða til að gera lítið úr því. Þetta gefur okkur enn betri ástæðu til að taka ekki þátt í stríðsátökum úti í heimi. Ísland á ekki að vera meðlimur í hernaðarbandalögum. Ísland á ekki að styðja loftárásir gegn

öðrum þjóðum. Ísland á ekki að styðja stríð og eynd. Þjóðin má ekki láta blekkjast með þeim orðaleik að árásir einnar þjóðar á aðra séu gerðar í varnarskyni. Það stoppar enginn stríð og ofbeldi með öðru stríði og meira ofbeldi. Það verður ekki barist fyrir friði með vopnum. Árás er hvorki vörn né fyrirbyggjandi aðgerðir. Þvert á móti eiga Íslendingar að standa fyrir utan hernaðarbrölt annarra þjóða sem boðberi friðar. Ísland á ekki að taka þátt í þjáningum dátaleikjum sem þungavopnuð friðarsveit heldur auka framlög sín til þróunaraðstoðar, veita flóttamönnum hæli og hjálpa þeim sem lifa við stríð og fátækt. Því fátækt er kaldrifjaður fylgifiskur stríðs, sem allt of margir líta framhjá. Það er eilífðarverkefni að ætla að koma á heimsfriði og tæma vopnabúr stórveldanna. En um leið og eitt land er orðið herlaust þá erum við einu skrefi nær því að gera heiminn allan herlausan.

En þó að herinn væri á förum þá var björninn ekki unninn. Nauðsyn þess að reka flóttann var ótvíræð. Griðarlega mikilvægt var að láta Bandaríkjamenn ekki sleppa undan þeirri ábyrgð að skilja við herstöðvarvæðið í sómasamlegu ástandi, heldur hreinsa upp óhóflega mengun og skít. En sú varð ekki raunin. Eftir nokkurt samningsþóf sem virtist ekkert ganga né reka lengi vel, voru Bandaríkjamenn fríaðir af þeirri ábyrgð að þrifa eftir sig. Ekki gat ríkisstjórn Íslands séð sóma sinn í því að reka herinn af stað með skúringafötuna.

Eftir mikla umferð stórra farartækja og vopna, óhóflegrar urðunar á alls kyns drasli og úrgangi hefur Miðnesheiðin orðið fyrir mikilli mengun sem lítið eftirlit hefur verið með, enda er um aflokað svæði að ræða undir yfirráðum annars





ríkis. Erlendir herir finna sjaldnast mikla samúð hjá sér í garð landsins sem þeir hernema og náttúru þess. Bandaríski herinn sannaði það klárlega þegar hann skildi við á Heiðarfjalli. Skammarlega var staðið að þeim málum og hefur svæðið aldrei verið hreinsað almennilega, heldur blæs vindurinn um yfirgefna stöðina og úrganginn sem liggur þar á víð og dreif.

Hvað yrði svo um öll mannvirkin þarna á Miðnesheiðinni? Myndu þau verða áfram í eigu bandaríska hersins eða yrði honum gert skylt að rífa eitthvern hluta af þeim? Nei, sú var ekki raunin, ekki frekar en með hreinsunina á svæðinu sem mun kosta fúlgur fjár og vera erfið í framkvæmd. Ríkisstjórnin féllst á að taka við þeim, en hvað í ósköpunum getum við gert við húsinn? Hýbýli byggð eftir bandarískum stöðlum eru ónothæf samkvæmt þeim íslensku. Engum duldast sú staðreynd að eftir brottför hersins myndu þessi hús einungis gegna því hlutverki að standa auð og hugsanlega grotna niður með tímanum.

Annað áhyggjuefni sem hrellti landann í sumar var mögulegur kakkalakkafaraldur eftir að herstöðvarsvæðið yrði yfirgefið. Þegar kaninn læsti síðasta húsinu þá yrðu engir eftir til að halda kakkalökkunum í skefjum - eitra og trampa á þeim. En mörgum Íslendingum hefur ekki borist sú

staðreynd til eyrna að kakkalakkar þrífust með eindæmum vel á Miðnesheiðinni í slagföllum með hermönnum. Ekki félegur félagskapur þar á ferðinni. En sá ótti gæti hafa verið óþarfur því litlar fréttir hafa borist af kakkalökkum og högum þeirra til eyrna okkar. Hafa þeir þó í huga að þeir eru fljóttir að aðlagast breyttu umhverfi og gætu hæglega numið land fyrir alvöru hérna ef þeir fá tækifæri til þess.

En það var ekki nóg að þetta væru kakkalakkakofar og drullupyttur sem við værum að fara að endurheimta frá kaninum. Heldur sprungu vatnsleiðslurnar í húsunum þegar eftirlitinu með þeim sleppti núna í haust og allt komst á flöt. Tjónið á þessum kostgripum sem Bandaríkjamenn voru svo almennilegir að gefa okkur, bætist svo ofan á þann kostnað að hreinsa Miðnesheiðina og úthuga nýtt hlutverk fyrir byggingarnar þar og sníða þær að því hlutverki.

Af þessu öllu má klárlega sjá í hendi sér að land og þjóð hafa verið illa svikin af ríkisstjórninni í þessum málum. Illa hefur verið gengið frá eftirmálum herasetunnar. Aumingjalega hefur verið átt við Kanann og honum leyft að komast upp með allt sem honum hentar. Ennþá erum við í stríðsmangarafélaginu Nató. Við hefðum átt að bera höfuðið hátt og segja upp

Varnarsamningnum frá 1951 í staðinn fyrir að gera annan enn kjánalegr. Við hefðum átt að segja okkur úr Nató með stolti (og verða að alvöru friðarsinum). Enda höfum við ekkert erindi með þeim stríðsmöngurum.

Auk þessa alls, er búið að gefa Bandaríkjamönnum leyfi til þess að hafa hér árlegar heræfingar þegar þeim dettur í hug. Hvernig að þeim verður staðið fær landinn ekkert að vita um. Hvort að um komu hersins verður tilkynnt fyrst, hvort að hann þurfi leyfi fyrir veru sinni, hvort að hann megi leika sér hvar sem hann langar til og hvort að hann þurfi að borga fyrir þær skemmdir sem heræfingar hans og leikir gætu valdið. En sú staða sem við höfum nú sem skeiðvöllur Bandaríkjamanna er engan veginn ásættanleg og ekki þjóðandi landi og þjóð sem vill líta á sig sem friðsæla.

Ef einhver hefur þá löngun til þess að góla nú upp: „En hvað um óvininn! Hvað ef á okkur verður ráðist? Hver á að vernda okkur? Með hverju ætlaðu að berjast, blómapotti?“ Þá svara ég einfaldlega: „Hvaða óvini? Hvað gæti nokkur hugsanlega fengið út úr því að ráðast á þessa litlu, rembingu eyju? Hver þarf óvin þegar hann á svona ríkisstjórn - sem sér um það sjálf að slíta upp lyngið, svívirða þjóðina og nauðga landinu?“





BÓKAIHORNID

Umsjón: Kári Páll Óskarsson



Bréf til Láru – Þórbergur Þórðarson

Þegar Bréf til Láru kom fyrst út árið 1924 varð allt brjáláð í íslensku samfélagi. Bæði gaf hún skít í allar reglur sem fram að því hafði verið talið að fara ætti eftir í íslenskum bókmenntum og einnig lét Þórbergur högginn dynja á þeim sem honum fannst að ættu það skilið, aðallega kapítalistum og hægri öflunum, með gífurlegum krafti og húmor. Bókin er eitt leiftrandi dæmi um stílsnilld höfundarins og er óumdeilt meistaraverk.



Nineteen Eighty-Four – George Orwell

Stríð er friður. Frelsi er þrældómur. Fáfræði er styrkur. Þessi löngu sigilda skáldsaga segir frá meðaljónum Winston Smith sem vinnur í Sannleiksráðuneytinu undir stjórn Flokksins í martraðarkenndri framtíðarveröld. Flokkurinn veit allt og sér allt, og hefur örlög allra þegna sinna í hendi sér. Hugsunarlögreglan gæti komið hvenær sem er og látið þá einstaklinga hverfa sem gætu hafa gerst sekir um ranga hugsun. Þó að Orwell hafi í og með ætlað þessari miskunnarlausu bók að vera ádeilu á Sovétríkin undir stjórn Stalíns þá fjallar hún almennt um hrylling fasismans sem getur skotið upp kollinum hvenær og hvar sem er. Skyldulesning fyrir allt hugsandi fólk. Áhugasamir ættu sérstaklega að leita sér að nýlegri útgáfum bókarinnar með inngangi eftir bandaríska ofurrithöfundinn Thomas Pynchon.



Draumalandið – Andri Snær Magnason

Stundum þarf að skilja leiðinlega hluti. Metsölubók ársins 2006 hefur engu minna erindi við Íslendinga núna ári síðar, því eins og Andri benti á þegar honum voru veitt Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir Draumalandið þá er stóriðjustuðið enn í fullum gangi hjá ríkisstjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokksins. Draumalandið er kall eftir nýjum hugsunarhætti, ákall um að Íslendingar láti ekki ræna frá sér ómetanlegum náttúruperlum af þröngsýnum stjórnvöldum. Rétt eins og Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur alltaf sagt þá bendir bókin á að það er hægt að gera svo ótal margt annað til að skapa verðmæti heldur en að drekkja bara landinu.






Heat – George Monbiot

Loftslagsbreytingar af mannavöldum eru staðreynd. Það er virkilega nauðsynlegt að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda því annars munum við öll hafa verra af. Samkvæmt útreikningum Heat þarf að minnka losunina um heil 90% og það sem meira er: það þarf að gerast fyrir árið 2030 því þá verður ekki aftur snúið. Í Heat er leitast við að sýna hvernig hægt er að ná þessu marki. Monbiot er einn mikilvægasti og virtasti þjóðfélagsrýnir okkar tíma. Hann er metsöluhöfundur, dálkahöfundur í The Guardian og gestaprófessor við Oxford Brookes University. Eftir hann liggja einnig mikilvægar bækur eins og Captive State og The Age of Consent.



The Globalization of Poverty – Dr. Michel Chossudovsky

Stofnanirnar Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa haft það að markmiði undanfarna áratugi að þvinga fjölmörg ríki heims til fátækta og sjá til þess að fátæk ríki verði áfram fátæk. Í þeim tilgangi hafa þessar stofnanir notað aðferðafræði nýfrjálshyggjunnar - sem hér á landi hefur verið boðuð hvað ótullekast af Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni og öðrum sjálfstæðismönnum - og grafið djúpa gjá á milli iðnríkja og þróunarríkja hvað varðar lífsgæði. Í þessari fræðilegu bók sýnir Chossudovsky markvisst og nákvæmt fram á hvernig fátækt er og hefur verið hnattvædd. Ein besta fánlega heimildin um óréttlæti okkar tíma.




Hegemony or Survival – Noam Chomsky

Chomsky er heimsfrægur málvísindamaður og algjör risi á sviði samfélagsgagnrýni, og eftir hann liggur fjöldinn allur af bókum og greinum um ástand heimsmála. Hann hefur nú í marga áratugi fjallað um það sem betur má fara í heiminum útfrá róttækri félagshyggjusýn sinni, og bækur hans eiga erindi við alla. Það er eiginlega nauðsynlegt fyrir félagshyggjufólk að þekkja eitthvað til verka hans, og líklegt er að margir þekki nú þegar til hans óbeint; svo áhrifamikill hefur hann verið. Þessi bók er frá árinu 2003 og fjallar aðallega um bandaríska utanríkisstefnu á gagnrýninn og nákvæman hátt, í þeirri viðleitni að endurskilgreina alla þá öfugsnúnu orðræðu sem hefur lodað við stríðið gegn hryðjuverkum. Bandaríki Norður-Ameríku eru nefnilega alveg jafn mikið hryðjuverkaríki og löndin sem þau hafa beint spjótum sínum að.



Freedom Next Time – John Pilger

Við lifum á tímum nýrrar heimsvaldastefnu: svokallaðrar frjálslyndrar heimsvaldastefnu. Stundum eru innrásir Bandaríkjanna, Bretlands og bandamanna þeirra í Afganistan og Írak kallaðar íhlutanir frjálslyndis eða 'liberal interventions'. Eins og Pilger segir í formála sínum þá fjallar þessi bók um heimsveldi, andlit þeirra og endalausa baráttu venjulegs fólks fyrir frelsi undan ofríki þeirra og ofbeldi á nýju árbúsundi. Á hverjum degi svelta þúsundir barna í hel af völdum þessarrar heimsvaldastefnu en lítið er talað um það í fjölmiðlum, enda flokkast það sem "slow news". John Pilger er ástralskur, og hefur margra áratuga reynslu að baki sem blaðamaður og leikstjóri heimildamynda. Freedom Next Time kom út í fyrra og er nýjasta bók hans. Hún býður upp á þá hlið á ástandi heimsins sem okkur er venjulega ekki sýnd. Pilger greinir frá því sem hann hefur séð með eigin augum í Palestínu, Indlandi, Suður-Afríku, Afganistan og fleiri stöðum, og fylgir því eftir með skotheldri heimildavinnu.



No Logo – Naomi Klein

Frá því að þessi merka bók kom fyrst út árið 2000 hefur hún orðið að nokkurs konar biblíu hreyfingarinnar gegn hnattvæðingu, alþjóðleg metsölubók. Heimur stórfyrirtækjanna er hér tekinn fyrir. Auglýsingarnar og vörumerkin sem umkringja okkur frá degi til dags og öskra á okkur að kaupa og kaupa meira eru krufin til mergjar. Hör-mulegum afleiðingum hins stjórnlausa heimskapitalisma eru gerð ítarleg skil með þrælakistum sínum og öðrum glæpum risafyrirtækja á borð við Nike, Gap og Shell. Klein er kanadísk blaðakona og dalkahöfundur. Eftir hana er einnig fánlegt greinasafnið Fences and Windows.



Det finns en särskild plats i helvetet för kvinnor som inte hjälper varandra – Liza Marklund og Lotta Snickare

Þessi bók sem var nýlega þýdd yfir á íslensku á einfaldlega að vera í bókahillu hvers femínista á Íslandi. Í bókinni er tekið á stöðu kvenna og því velt upp hvernig konur enda í þessum hefðbundnu kvennahlutverkum án þess þó að vera fyllilega meðvitaðar um hvernig það kemur til. Í bókinni er staðhæft að það séu engir töfrar, náttúruleg mál né nokkuð guðdómlegt við kynjamsréttið í samfélaginu heldur sé það afleiðing af hefðum, fordómum og pólitískum ákvörðunum. Þetta er rökstutt í þremur hlutum bókarinnar. Í fyrsta hlutanum er fjallað um uppeldi stráka og stelpa. Frá fæðingu er komið ólíkt fram við kynin og með þessu móti er komið á nokkurs konar uppskrift að kvenkyns og karlkyns börnum. Í öðrum hluta bókarinnar er farið yfir hvernig ólíkt uppeldi, væntingar og framkoma, hafa áhrif á menntun, starfsframa og líf kvenna og karla. Í síðasta hluta bókarinnar er velt upp þeirri spurningu hvernig kvenmenn eigi að komast af og "meika það" í hinu karlæga samfélagi.

Á heimasíðu Ungra vinstri-grænna má sjá mun fleiri bækur sem við mælum með.





Ugly Egilsdóttir

Ekki vera lykkjufall í lopapeysu!

Eitt af því sem er mest aðlaðandi við róttæklinga er hvað þeir eru jafnframt skapandi og listrænir karakterar. Vinstri græn fá ekki bara útrás fyrir róttækni með því að mótmæla og skrifa greinar. Eins og allir róttæklingar á öðrum þjórum eru til vitnis um þá er ávallt stutt í söngvaseið sem getur fjallað jafnt um morðingja heimsins og börn komandi kynslóða sem syngja um dugnað formæðra sinna. Í síðasta tímariti Ungra Vinstri grænna (sem þá hét U-beygjan) var tæpt á nytsemi róttæklingalaga og nokkur mikilvæg birt með hljómunum. Þótt margir kynnu að halda hið gagnstæða þá er ekki nóg fyrir róttæklinga að skemmta sjálfum sér og öðrum með byltningarboðandi smellum í partýjum heldur hafa þeir í eðli sínu þörf fyrir að koma róttækinnni á framfæri eftir innhverfari og dýpri leiðum. Fyrir jafn uppfinningasama manngerð og vinstrisinnann eru möguleikarnir óteljandi. Nokkur víti eru þó að varast ef fólk vill ekki vera lykkjufallið í lopapeysu vinstrimenningarinnar.

Leiklist er því út úr myndinni.

Smíðar vekja upp hugmyndir um karllæg gildi og best er að forðast þau á allan hátt. Auk þess er fátt um fina drætti í smíðum, nema kannski helst í útskurði, og möguleikinn á finum dráttum er alveg ómissandi í draumalistgrein félagshyggjunnar enda þarf að hún að geta túlkað trega yfir ástandi heimsins sem er dýpri en úthafsbotninn.

Ein listgrein sameinar allt sem þarf. Hún er ekki borgaraleg heldur hefur hún fylgt kotbóndanum, en þó aðallega kotkerlingunni, lengur en elstu menn muna. Þessi mikla listgrein er prjónaskapur. Reyndar muna elstu mennirnir ekkert svo langt aftur í tímann svo gamlingjarnir eru kannski engin gulltrygging fyrir því að listgreinin sé mjög gömul. Þótt prjónaskapurinn sé dýrari en margan grunar þá er það aðallega vegna þess að kostnaðurinn er mikill þegar hann safnast saman,

Ólíkt tölvunördaveseninu þá er prjónaskapur töff og í útlöndum þar sem margir búa hafa framsæknar prjónakonur jafnvel sett á fót prjónakaaffihús á hverju götuhorni. Prjónaskapur er með öðrum orðum í tísku og hver kvikmyndastjarnan á fætur annarri er gripin glóðvolg af pabbarössum með prjónana á lofti. Þar sem höfundur þessarar greinar er sjálf kvikmyndastjarna hefur hún mikið vit á því hvað kvikmyndastjórnur hafa fyrir stafni frá degi til dags og því er mark á henni takandi.

Þar að auki gæti prjónaskapur vel fúnkerað sem andheiti smíðaðnarinnar. Að minnsta kosti voru stelpur sendar í smíðatíma á meðan strákar lærðu að prjóna. Nei alveg rétt, það var ófugt. Það er næstum því jafn gaman að hampa gömlum kvennaþróttum sem nýjum áhugamálum fyrir bæði kynin eins og það er að taka önnur fyrirbæri úr einkaeigu karlmannna. Þess vegna á prjónaskapur skilið að vera í tísku.

Einn strákurinn var með afmyndaðan fót: „Til að vekja athygli á ljóta sannleikanum um jarðsprengjur“

Myndlist er til dæmis of borgaraleg. Dýrt sport eins og höggmyndagerð ætti meðalróttæklingur ekki að stunda nema viðkomandi vilji vera kallaður neysluseggur. Hönnuður er á okkar dögum ekki annað en fina nafnið yfir tölvunörd, og hver vill vera tölvunörd? Þetta atriði kemur róttækni í sjálfu sér ekkert við en gott að nefna það til að koma í veg fyrir imyndarslys. Róttæklingum hefur almennt fundist asnalegt að taka þátt í leiklistaræfingum frá því í leikskóla og finnst „leiklistartýpur“ leiðinlegir karakterar.

en til þess að prjóna eins og eina húfu, sem er allt sem sveimhugurinn þarf á að halda, þarf ekki að leggjast í mikinn fjáraustur. Í ofanálag sýnir það mikla skynsemi að prjóna. Það gefur til kynna að fólk setji ekki fyrir sig að klæja undan fótum ef þau veita skjól gegn aftakaveðrunum. Svo sparar maður líka svona gasalega mikið á því að þurfa ekki að kaupa rándýrar peysur á hverjum degi. Það er að segja ef maður hefur vit á því að fá prjónana lánaða og stela garninu.

Fyrir utan það að mynd prjónaskapar ber af myndum annarra listgreina hefur hann augljósa kosti sem voru nefndir rétt áðan. Talað var um fina drætti, en þeir eru nauðsynlegir fyrir alla listamenn, að ekki sé talað um listamenn sem eru jafn snortnir af misrétti heimsins og vinstrisinnaðir listamenn.



Prjónakonur (og nú skal fólk vera meðvitað um að prjónakonur geta verið kvenkyns eða karlkyns og meira að segja transgender að róttæklinga sið) hafa tækifæri til að koma tilfinningum sínum á framfæri með því að prjóna ákaflega fast þegar þær eru stífar og stressaðar, til dæmis í því skyni að vekja athygli á barnahermennsku, en laust ef þær eru afslappaðar og glaðar, en það gæti verið afleiðing af áfangasigrri í mannréttinda-baráttu samkynhneigðra. Þær hafa val um að nota hvaða liti sem passa best við það sem öndin blæs þeim í brjóst. Rautt fyrir róttækni og félagshyggju, skærbleikt fyrir fémínisma og grænt fyrir umhverfis- og náttúruvernd. Það er þó ástæða til að vara við að hafa græna litinn of ljósan, það gæti verið misskilið sem framsóknarmennska.

Óhætt er að segja að hinir ótal möguleikar sem eru á ólíku munstri gefa mesta sóknarfærið á róttækni. Hægt er að finna finustu prjónamunstur út um allt. Mikilvægast af öllu er að lesa í táknfræði munstursins og velja það úr sem hentar málstaðnum.

Vinkona greinarhöfundar, Ugly Egilsdóttir, prjónaði um daginn húfu eftir færeysku prjónamunstri. Munstrið var mynd af figúrum í pílsum með sitt hár og sköllóttum figúrum í buxum sem haldast í hendur. Ugly er að eigin sögn miklu dýpri en bókin vegna þess að hún gerði sér grein fyrir því að heimurinn er ekki jafn fallegur og munstrið gaf til kynna. “Í fyrsta lagi eru ekki allir vinir eins og í bókinni. Djúp gjá liggur á milli hjartna fólks í raun og veru. Konur og karlar, útlendingar og innfæddir, ríkir og fátækir, hvítir og svartir, kristnir og múslimar, fatlaðir og ófatlaðir og fleiri hópar sitja ekki við sama borð.

Slíkt hefði maður haldið að væri nægileg ástæða fyrir höfunda munstursins til að finnast ekki rétt að allir héldust í hendur bara eins og ekkert væri.”

Til þess að húfan myndi endurspeglarunveruleikann betur ákvað hún að nokkrar figúrir í munstrinu ættu ekki að haldast í hendur. Hún segir að misreikningur á lykkuþingum hafi ekki haft neitt með ákvörðunina að gera.

Einn strákurinn var með afmyndaðan fót: “Til að vekja athygli á ljóta sannleikanum um jarðsprengjur”. En samkvæmt Ugly hafði sá útdúrdú heldur ekkert með prjónamistökin að gera. Greinarhöfundur veltir þó fyrir sér hvort Ugly hafi ekki þarna horft framhjá þeim möguleika að þarna færi fjölbreyttur hópur klæðskiptinga og sköllóttra kvenna sem haldast í hendur inn í betri heim.

Þetta er þó bara dæmi um hversu ótrúlega margræð prjónalístin getur verið. Hún býður upp á ótal túlkanir og síðan getur fólk skegggrætt munstrin, áferðina og litina eftir á. Prjónaráðunautur Ungra Vinstri grænna mælir með því að fólk kaupi sér rúðustrikuð blöð í prjónabúðum til að teikna upp eigin munstur eða pólitísk skilaboð til að prjóna.

Með því að teikna upp eigin munstur stígur prjónakona út úr enn einum kassanum og verður jafnvel frjálsari en jakka-fataklæddasti frjálshyggjumaður, eins fjarstæðukennt og það kann að hljóma.



Um Ung vinstri-græn

Ung vinstri-græn er ungliðahreyfing Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs og hefur starfað síðan 18. nóvember árið 2000. Aðild að hreyfingunni eiga allir félagar í Vinstrihreyfingunni – grænu framboði sem eru 30 ára og yngri.

Markmið hreyfingarinnar er að vera umræðu- og samstarfsvettvangur ungs fólks í Vinstrihreyfingunni – grænu framboði og að miðla upplýsingum um starf og stefnu flokksins til ungs fólks.

Auk landsstjórnar Ungra vinstri-grænna eru starfandi svæðisstjórnir víðs vegar um landið. Má þar m.a. nefna stjórn Ungra vinstri-grænna í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og nágrenni, Mosfellsbæ og á Vesturlandi, Austurlandi og Akureyri. Stefna hreyfingarinnar er að stofna svæðisstjórnir víðar um landið svo að sem flestir fái tekið þátt í starfinu.

Landfundur Ungra vinstri-grænna 2006

Æðsta vald hreyfingarinnar er í höndum landsfundar sem haldinn er árlega. Síðasti landsfundur var haldinn 9. september 2006 í Hveragerði.

Landsfundurinn var mjög líflegur. Fundurinn byrjaði á pallborðsumræðum þar sem frummælendur ræddu um misskiptingu í þjóðfélaginu út frá mörgum sjónarhornum. Á fundinum var lögum félagsins breytt umtalsvert og margar ályktanir voru samþykktar. Meðal annars voru samþykktar ályktanir um velferðarmál, kynferðisafbrot og nauðganir, menntamál, utanríkismál, kvenfrelsi, trúfræðslu, launaleynd o.fl. Þar var að endingu kjörin ný stjórn hreyfingarinnar.

Stjórn Ungra vinstri-grænna

Í stjórn Ungra vinstri-grænna sem kjörin var á landsfundi sitja:

Auður Lilja Erlingsdóttir, formaður
Elías Jón Guðjónsson, varaformaður
Steinunn Rögnvaldsdóttir, ritari
Kári Páll Óskarsson, gjaldkeri
Emil Hjörvar Petersen, meðstjórnandi
Erlendur Jónsson, meðstjórnandi
Sverrir Aðalsteinn Jónsson, meðstjórnandi
Þórhildur Halla Jónsdóttir, meðstjórnandi
Þórunn Ólafsdóttir, meðstjórnandi

Andrés Rúnar Ingason, varamaður
Björn Reynir Halldórsson, varamaður
Brynja Björg Halldórsdóttir, varamaður

Stjórnin hefur staðið fyrir margvíslegum upptökum, fundum og smíðjum á þessu starfsári sínu og má þar m.a. nefna ýmsar ályktanir sem stjórnin hefur samþykkt og sent frá sér, sorgar- og minningarstund vegna Kárahnjúkasvæðisins, ljóðakvöld, fund með formanni bændasamtakanna, fund um trúfrelsi og stofnfund Ungra Vinstri-grænna á Austurlandi auk þess að gefa út þetta blað.

Auk þess hefur núverandi stjórn unnið mikla vinnu í stefnumótunavinnu með það að leiðarljósi að semja stefnuyfirlýsingu Ungra vinstri-grænna sem vonandi verður samþykkt á næsta landsfundi hreyfingarinnar.


Taktu þátt – hafðu áhrif!

Allir félagar í Vinstrihreyfingunni – grænu framboði eru velkomnir að taka þátt og eru hvattir til að hafa samband við stjórn Ungra vinstri-grænna eða svæðisstjórnir til að koma með ábendingar, hugmyndir eða hvað eina sem fólki dettur í hug.

Ung vinstri-græn eru með heimasíðuna www.vinstri.is þar sem allar helstu upplýsingar má finna um Ung vinstri-græn. Einnig birtast þar reglulega greinar, ályktanir, auglýsingar um fundi og aðra atburði o.fl.

Á heimasíðunni getur fólk skráð sig á póstlista ungliðahreyfingarinnar, sent fyrirspurnir eða póst til stjórnar Ungra vinstri-grænna og ritstjórnar vefsins.

Það er ljóst að Ung vinstri -græn eru stækkandi afl á landsvísu. Framundan eru spennandi mánuðir þar sem barist verður fyrir betra samfélagi. Við hvetjum þig til að taka þátt í þeirri baráttu með okkur.





VIÐ VILJUM...

...ókeypis menntun - engin skólagjöld

...útrýma heimilisleysi - allir eiga að hafa þak yfir höfuðið í einu ríkasta samfélagi heims.

...að það sé hlustað á ungt fólk þegar ákvarðanir eru teknar

...fá að flokka ruslið okkar og skila - við viljum ekki menga

....ekki vera neydd til að vera alltaf á bíl - við viljum strætó

....búa í her- og kjarnorkulausum sveitarfélögum

....vinna við það sem við viljum, ekki það sem iðnaðar ráðherra finnst sniðugt.

...sýna öldruðum þá virðingu sem þau eiga skilið - þau eiga ekki heima á biðlistum.

....Fjölbreytta atvinnu- og byggðastefnu - álið er ekki málið.

...að stelpur séu metnar til jafns við stráka.

...að allir fái mannsæmandi laun.

...aðskilja ríki og kirkju.